



2016 2017

Ársskýrsla Öryrkjabandalags Íslands

FÆÐI, KLÆÐI,
FYRIR ALLA!



ELSI

Ársskýrsla Öryrkjabandalags Íslands 2016-2017
Ritstjóri: Guðjón Helgason
Prófarkalestur: Þórný Björk Jakobsdóttir
Umsjón: Margrét Ögn Rafnsdóttir
Umbrot: Auður Björnsdóttir
Prentun: Litróf

Kápa: Auglýsingar og tákni auk ramma úr auglýsingum,
sjónvarpsþáttum og myndböndum aðildarféлага ÖBÍ.

© Öryrkjabandalag Íslands, 2017
Ársskýrsla ÖBÍ er gefin út rafrænt og á prenti. Heimilt
er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.
Ljósmyndir eru háðar höfundarrétti ljósmyndara,
Öryrkjabandalags Íslands og aðildarféлага þess.

ISSN 2298-9021

Öryrkjabandalag Íslands
Sigtúni 42 • 105 Reykjavík
www.obi.is • obi@obi.is
Sími: 530 6700

2016
2017

Ársskýrsla
Öryrkjabandalags Íslands

Ávarp formanns	7
Stjórn ÖBÍ 2016 - 2017	8
Skýrsla formanns og stjórnar 2016 - 2017	9
Skýrslur málefnaþópa og hreyfinga ÖBÍ	
Málefnaþópur um aðgengi	24
Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál	25
Kvennahreyfing ÖBÍ	25
Málefnaþópur um heilbrigðismál	26
Málefnaþópur um kjaramál	27
Málefnaþópur um sjálfstætt líf	28
Ungliðahreyfing ÖBÍ	28
Skýrsla Hvatningarverðlauna ÖBÍ	29
Skýrslur fyrirtækja ÖBÍ	
Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins	30
Fjölmennt	31
Hringsjá náms- og starfsendurhæfing	32
Íslensk getsþá	33
TMF Tölvumiðstöð	34
Örtækni	35
Skýrslur aðildarfélaganna ÖBÍ	
ADHD samtökin	36
Alzheimersamtökin á Íslandi	36
Astma- og ofnæmisfélag Íslands	37
Ás styrktarfélag	37
Blindrafélagið	38
Blindravinafélag Íslands	38
CCU Samtökin	39
CP félagið	39
Einhverfusamtökin	40
Félag heyrnarlausra	40
Félag lesblindra á Íslandi	41
Félag lifrarsjúkra	41
Félag nýrnasjúkra	42
Fjöla - félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	42
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra	43
Geðhjálp	43

Geðverndarfélag Íslands	44
Gigtarfélag Íslands	44
Heilaheill	45
Heyrnarhjálp	45
HIV - Ísland	46
Hjartaheill.....	46
Hugarfar	47
LAUF - Félag flogaveikra	47
Málbjörg - félag um stam	48
Málefli	48
ME félag Íslands	49
MG - félag Íslands	49
MND félagið á Íslandi	50
MS - félag Íslands	50
Ný rödd.....	51
Parkinsonsamtökin á Íslandi	51
Samtök lungnasjúklinga.....	52
Samtök sykursjúkra	52
SEM - Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra	53
SÍBS	53
Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra	54
SPOEX - Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	54
Stómasamtök Íslands	55
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	55
Tourette - samtökin á Íslandi	56
Fulltrúar ÖBÍ í nefndum og ráðum 2016 - 2017	
Stjórn ÖBÍ 2016 - 2017	58
Framkvæmdaráð ÖBÍ 2016 - 2017	59
Málefnaþópar ÖBÍ 2016 - 2017.....	59
Hreyfingar ÖBÍ.....	60
Nefndir ÖBÍ	61
Fyrirtæki ÖBÍ / Samstarfsaðilar ÖBÍ	61
Fulltrúar ÖBÍ í starfi frjálsra félagasamtaka.....	62
Fulltrúar ÖBÍ í opinberum nefndum og ráðum	63
Fulltrúar ÖBÍ í erlendu samstarfi	65
Ársreikningur ÖBÍ	66

Kæru félagar,

„Burt með fordóma“ var slagorð 1. maí göngunnar 2014 en það var í fyrsta skipti sem við létum útbúa buff og dreifðum í göngunni sem vakti mikla lukku og athygli.

Fordómar eru þeir dómar sem við fellum án þess að kynna okkur málið til hlítar eða höfum bara skoðað eina hlið þess.

Hvorki fatlanir né sjúkdómar eru alltaf sýnileg. Ekki eru allir reiðubúnir að deila reynslu sinni eða gera grein fyrir aðkomu sinni að málaflöknum með opinberum hætti. Því þurfum við að gæta þess að dæma ekki náungann og sýna honum virðingu.

Barátta okkar er langhlaup og hægfara breytingar geta kallað fram yfirþyrmandi tilfinningar þannig að stundum óttast jafnvel bjartsýnasta fólk að réttindi náist seint eða aldrei fram að ganga. Ég held að það séu fáir, ef nokkrir, sem leggja sig fram um að vinna að þessum málaflökki nema þeir hafi raunverulega reynslu sem nýtist í baráttunni og telji brýnt að gera breytingar í samfélaginu þannig að allir hafi jöfn tækifæri til þátttöku.



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi, það hefur sterka raust svo tekið er eftir. Vísum fordómum á bug og snúum bökum saman í baráttunni fyrir betra samfélagi fyrir alla.

Að lokum vil ég þakka félögum í aðildarfélögum ÖBÍ og frábæru starfsfólki á skrifstofu ÖBÍ fyrir gott samstarf, hvatningu og traust!

Með vinsemd og virðingu,
Ellen Calmon, formaður ÖBÍ



Stjórn ÖBÍ



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Stjórn ÖBÍ aftari röð, talið frá vinstri: Arnþrúður Harpa Karlsdóttir, Tourette-samtökunum, Guðrún Sæmundsdóttir, formaður málefnaþóps um atvinnu- og menntamál, ME félagi Íslands, Svavar Kjarrval Lúthersson, Einhverfusamtökunum, María Óskarsdóttir, formaður málefnaþóps um kjaramál, Sjálfsbjörg Ish., Svava Aradóttir, Alzheimersamtökunum á Íslandi, Ellen Calmon, formaður, ADHD-samtökunum, Einar Þór Jónsson, HIV-Íslandi, Garðar Sverrisson, MS-félagi Íslands, Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður, Blindrafélaginu, Árni Heimir Ingimundarson, Málbjörg, Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, Elín Hoe Hinriksdóttir, varamaður, ADHD samtökunum.

Fremri röð, talið frá vinstri: Bergur Þorri Benjamínsson, gjaldkeri, Sjálfsbjörg Ish., Friða Rún Þórðardóttir, Astma- og ofnæmisfélagi Íslands, Emil Thóroddsen, formaður málefnaþóps um heilbrigðismál, Gigtarfélagi Íslands, Ægir Lúðvíksson, MND félaginu á Íslandi, Dóra Ingvadóttir, Gigtarfélagi Íslands, Ingveldur Jónsdóttir, varamaður, MS-félagi Íslands.

Á myndina vantar: Grétar Pétur Geirsson, formann málefnaþóps um aðgengismál, Sjálfsbjörg Ish., Rúnar Björn Herrera, formann málefnaþóps um sjálfstætt líf, SEM samtökunum, Aron Guðmundsson, MND félaginu á Íslandi, Torfa Áskelsson, Parkinsonsamtökunum, Sylviane Pétursson-Lecoultre, varamann, Geðhjálp.

Skýrsla formanns og stjórnar 2016-2017

Síðastliðið ár hefur verið viðburðarríkt í starfsemi Öryrkjabandalags Íslands. Helst hafa kosningar til Alþingis bæði árið 2016 og síðan aftur haustið 2017 haft áhrif á verkefni og áherslur bandalagsins. Þá hefur fullgilding á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) á haustdögum 2016 talsverð áhrif á starfsemina. Innan skamms tíma þarf bandalagið að skila skuggaskýrslu á grundvelli samningsins og undirbúningur fyrir þá miklu vinnu er þegar hafinn.

Alþingiskosningar

ÖBÍ hélt opinn fund með frambjóðendum til Alþingiskosninga 8. október 2016 og lagði fyrir frambjóðendum ýmsar spurningar um málefni ÖBÍ og hvernig þeir hygðust sinna þeim næðu þeir kjöri. Öll 12 framboðin voru með fulltrúa á fundinum.

Í lok fundar voru kynntar niðurstöður viðhorfskönnunar sem Gallup vann fyrir ÖBÍ þar sem sömu spurningar voru lagðar fyrir kjósendur. Þar kom fram að:

- 59,7% eru ósammála því að einstaklingstekjur upp á 296 þúsund krónur eftir skatt myndu nægja til framfærslu í hverjum mánuði. Taka skal fram að í nánari greiningu kemur fram að yngsti og elsti aldurshópurinn telja þessa upphæð duga. Með upphæðinni er miðað við framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara að viðbættum húsnæðiskostnaði.
- 78,7% eru hlynnt því að umbuna eigi fyrirtækjum og stofnunum sem ráða til starfa fólk með skerta starfsgetu.
- 86,6% eru hlynnt því að tryggja skuli með lögum að sveitarfélögum sé skylt að veita fötluðu fólki, óháð aldri, akstursþjónustu svo að það geti farið allra sinna ferða.
- 81,1% eru hlynnt því að tryggja skuli með lögum rétt fatlaðs fólks til notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA).

- 77,1% eru hlynnt því að sú heilbrigðisþjónusta sem ríkið niðurgreiði í dag, s.s. þjónusta heilsugæslu, sjúkrahúsa, sérfræðilækna og læknisfræðilegra rannsókna, verði gjaldfrjál.

Þá fóru formaður og samskiptastjóri á milli kosningaskrifstofa og útbjuggu stutt myndbönd þar sem frambjóðendur svöruðu spurningum sem málefnaþópar ÖBÍ töldu mikilvægt að fá svör við fyrir kosningar. Myndböndunum var deilt á Facebook síðu ÖBÍ.

Áætlað var að hefja fundarherferð haustið 2017 með stjórnamálahreyfingum sem hygðust bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga vorið 2018 en vegna þingkosninga haustið 2017 varð því óhjákvæmilega frestað.




Ljósmyndari: Einar Ólason

Þann 8. október 2016 bauð Öryrkjabandalag Íslands til opins fundar með fulltrúum allra flokka og framboða sem buðu fram til Alþingis í kosningunum 29. október 2016. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli

Samtal við stjórnmalin

Formaður, varaformaður, gjaldkeri og aðrir fulltrúar stjórnar og málefnaþópa ÖBÍ ásamt starfsfólki eiga reglulega samtöl við stjórnmalamenn bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Í febrúar átti velferðarnefnd Alþingis fund á skrifstofu ÖBÍ með formanni, framkvæmdastjóra ÖBÍ og starfsfólki málefnaþópa bandalagsins. Fundurinn var góður og farið var yfir helstu áherslumál bandalagsins. Þá var á dagskránni að bjóða allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til fundar í Sigtúninu en óvæntar þingkosningar komu í veg fyrir það.



Ljósmyndari: Einar Ólason

Mynd frá samstöðufundinum 7. desember 2016. Ellen Calmon heldur á einu af óskaskrínunum sem afhent voru alþingismönnum

Samstöðufundur – afhending óskaskrína

Í desember 2016 bauð Öryrkjabandalagið til samstöðufundar við Alþingishúsið á sama tíma og fjárlög næsta árs voru til umræðu. Fundurinn var haldinn að frumkvæði málefnaþóps ÖBÍ um kjaramál. Þingmönnum voru þar afhent skrín með óskum frá málefnaþópum bandalagsins um hvað ætti að leggja áherslu á við gerð fjárlaga fyrir árið


2017. Þingmenn úr öllum flokkum tóku á móti óskaskrínunum og ræddu við þátttakendur á samstöðufundinum.

Hver málefnaþópur lagði fram þrjár óskir þar á meðal um aukið eftirlit með aðgengi að mannvirkjum, að fólk með skerta starfsgetu hafi sömu tækifæri og aðrir á vinnumarkaði, að heilbrigðisþjónusta verði endurgjaldslaus, að „krónu-á-móti-krónu“ skerðingar verði afnumdar og bæði notendastýrð persónuleg aðstoð og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfest án tafar.

Kjaramál og húsnæðismál

Þann 29. júní 2017 fordæmdi Öryrkjabandalag Íslands ákvörðun kjararáðs að hækka laun embættismanna og forstöðumanna ríkisstofnana afturvirkir en á sama tíma hafa örorkulífeyrisþegar ekki fengið kjarabætur um nokkurra ára skeið.

Formaður ÖBÍ sendi í lok maí 2017 bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga og til nokkurra sveitarfélaga með ábendingum varðandi reglur um sérstakan húsnæðisstuðning og tillögum til úrbóta. Í bréfunum voru gerðar margvíslegar athugasemdir við nýjar reglur sveitarfélaga um sérstakan húsnæðisstuðning sem tóku gildi 1. janúar 2017. Þá tóku húsnæðisstuðningur og sérstakur húsnæðisstuðningur við af húsaleigubótum og sérstökum húsaleigubótum. Auk margra efnislegra athugasemda er gagnrýnt að ekki hafi verið haft samráð við bandalagið um gerð reglnanna eða gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir eða koma með ábendingar áður en reglur sveitarfélaga voru samþykktar. Örfá sveitarfélög hafa svarað bréfinu og einhver sveitarfélög hafa breytt reglum til hins betra.



Ljósmyndari: Einar Ólason



Kröfuganga á baráttudegi verkafólks, 1. maí 2017

Fyrsti maí, lúxus eða lífsnauðsyn

Eins og síðustu ár hafði málefnaþópur ÖBÍ um kjaramál umsjón með þátttöku bandalagsins í 1. maí göngunni 2017. Að þessu sinni var gengið undir slagorðinu „Lúxus eða lífsnauðsyn? Fátækt útilokar fólk frá samfélaginu.“ Í auglýsingum sem birtar voru í blöðum, á samskiptamiðlum, netsíðu, strætóskiltum, í skjáauglýsingum í sjónvarpi og í útvarpi var vörum, sem flestir telja hversdagslegar, stillt upp sem lúxusvarningi. Þar var astmáþústum, dömubindum, ávöxtum, grænmeti og strætókortum stillt upp í auglýsingum eins og um dýra hágæðavöru væri að ræða. Þá voru að venju gefin buff og í ár voru þau í konunglegum bláum lit með kórónum líkt og um lúxusvöru væri að ræða.



Tilgangur herferðarinnar var að vekja athygli á því að á Íslandi búa þúsundir manna, kvenna og barna við alvarlegan skort á efnislegum gæðum. Áhersla var lögð á þá staðreynd að þessi hópur geti ekki mætt óvæntum útgjöldum án þess að festast í fátæktargildru til frambúðar. Stóra spurningin væri hvernig það mætti vera að íslensk börn í vel stæðu samfélagi fengju ekki þann mat sem ráðlagt væri að borða og að foreldrar þeirra gætu ekki greitt fyrir lyf og læknisþjónustu nema annað væri látið sitja á hakanum.

Í ávarpi á fjöldafundi á Austurvelli sagði formaður ÖBÍ að dæmi væru um að fólk þyrfti að velja á milli þess að kaupa sér pensillín eða fara í sund með börnin.



Ljósmyndari: Einar Ólason

Kröfuganga á baráttudegi verkafólks, 1. maí 2017



Veggspjöld úr auglýsingaherferðinni „Lúxus eða lífsnauðsyn“

Vitundarvakning – auglýsingar – sjónvarpsþáttur

Vitundarvakning er mikilvægur þáttur í öllu starfi ÖBÍ og er hugað að henni í hvítvetna. Hvort heldur unnið er að málþingum og viðburðum eða þegar forsvarsmenn bandalagsins sitja fyrir svörum í fjölmiðlum, eiga fundi með stjórnámálönnum eða almenningi.

Gerður var sjónvarpsþáttur um skrifstofu ÖBÍ og tengd fyrirtæki í þáttaröðinni „Atvinnulífið“ á Hringbraut sem var sýndur í maí 2017.




Rammar úr sjónvarpsþættinum um ÖBÍ

Það var mikill heiður þegar myndbandið um „Fæði, klæði, húsnæði – fyrir alla“ sem útbúið var vegna 1. maí 2016 var tilnefnt til Íslensku auglýsinga verðlaunanna Lúðursins þann 10. mars 2017 í flokknum „Almannaheillauglýsingar“.



Myndbönd fyrir aðildarfélögin

Í tilefni af 55 ára afmæli ÖBÍ ákvað stjórn að gefa aðildarfélögum ÖBÍ tvö myndbönd hverju. Samið var við Tjarnargötuna um framleiðslu á þessum myndböndum og hafði Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir umsjón með verkefninu ásamt formanni ÖBÍ.



Rammar úr þremur myndböndum aðildarfélaganna. SPOEX - samtök psoriasis- og exemsjúklinga (efsti rammi), Alzheimer-samtökunum (miðrammi) og Hjartaheill

Nánast öll aðildarfélögin þáðu gjöfina og eru mörg myndbönd komin í umferð hjá aðildarfélögum en önnur félög ætla að frumsýna myndböndin sín við ákveðin tilefni síðar. Myndböndin eru mikilvæg tæki til vitundarvakningar svo almenningur kynnist betur gríðarlega mikilvægu starfi aðildarfélaganna og síðast en ekki síst til að vekja athygli á fjölbreytileika aðildarfélaganna sem öll eiga sinn stað undir regnhlíf ÖBÍ.



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Ólympíufarar sem fengu styrk ÖBÍ á Hvatningarverðlaunum 2016 ásamt varaformanni ÖBÍ

Hvatningarverðlaun ÖBÍ

Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands voru veitt í tíunda sinn við hátíðlega athöfn í Hörpu 3. desember 2016, á alþjóðadegi fatlaðs fólks.

Verðlaunin voru veitt í þremur flokkum, flokki einstaklinga, flokki fyrirtækja/stofnana og flokki umfjöllunar/kynningar.

Í flokki einstaklinga fékk Friðrik Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, verðlaun fyrir störf sín í þágu fólks með þroskahömlun og aðstandenda þeirra. Hann hefur unnið mikið frumkvöðlastarf í málefnum fatlaðs fólks og verið ópreytandi í hugsjónastarfi sínu fyrir mannréttindum og sýnileika fatlaðs fólks.

Í flokki fyrirtækja/stofnana fékk Dagsól ehf./verslunin Next verðlaun fyrir metnaðarfulla starfsmannastefnu sem meðal annars felur í sér að ráða fólk með skerta starfsgetu. Um 20% starfsmanna fyrirtækisins eru með skerta starfsgetu sem er í samræmi við markmið fyrirtækisins. Aðgengi í verslun Next er til fyrirmyndar.

Í flokki umfjöllunar/kynningar fékk Tabú verðlaun fyrir fræðslu og markvissa umfjöllun um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu. Tabú er femínísk hreyfing sem beinir sjónum sínum að margþættri mismunun gagnvart fötluðu fólki. Með umfjöllun sinni styður hreyfingin alla til þess að rjúfa þögnina og tala um það sem ekki má.

Við athöfnina voru einnig afhentir styrkir ÖBÍ til þess íþróttafólks sem keppti á Ólympíumóti fatlaðra sem haldið var í Brasilíu í september. En í haust ákvað stjórn ÖBÍ að styrkja ólympíufarana um 1 milljón króna samtals. Hver ólympíufari fékk því 200.000 króna styrk frá ÖBÍ.

Styrki fengu Helgi Sveinsson spjótkastari, Jón Margeir Sverrisson sundmaður, Sonja Sigurðardóttir sundkona, Thelma Björg Björnsdóttir sundkona og Þorsteinn Halldórsson bogfimimaður.



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

Annasamur starfsdagur stjórnar

Formannafundir

Formannafundir voru tveir á árinu bæði að vori og hausti. Fundirnir eru upplýsinga- og samráðsfundir formanna aðildarfélaganna ÖBÍ en eru ekki síður ætlaðir til að treysta tengslanet formanna aðildarfélaganna. Á fundunum kynntu formenn málefnaþanna vinnu hópanna og það sem er framundan í hverjum hópi.

Aðildarfélag ÖBÍ

Ellen Calmon formaður ÖBÍ hefur átt reglulega fundi með aðildarfélagunum þar sem farið er yfir helstu verkefni sem ÖBÍ sinnir á hverjum tíma ásamt því að heyra hvaða verkefnum félögin sinna og hvernig ÖBÍ getur enn frekar stutt við félögin. Þá hafa aðildarfélagin í auknum mæli komið viðburðum á framfæri í gegnum viðburðadagatalið á heimasíðu ÖBÍ og á Facebook síðu bandalagsins.

Á árinu sendi samskiptastjóri út rafræna könnun til aðildarfélaganna um hvers konar námskeið eða fræðslu þau hefðu áhuga á að ÖBÍ stæði fyrir. Þá hefur hann verið í reglulegum samskiptum við aðildarfélagin um ýmis mál s.s. ráðgjöf vegna fjölmiðla.

Starfsdagur stjórnar

Starfsdagur stjórnar Öryrkjabandalags Íslands var haldinn laugardaginn 4. mars 2017 líkt og gert var ráð fyrir í starfs- og fjárhagsáætlun ársins. Dagskrá starfsdagsins var þétt og mikil vinnugleði ríkti í hópnum sem taldi 25 manns. Þar voru fulltrúar stjórnar ásamt verkefnisstjórum málefnaþanna ÖBÍ. Afurðum starfsdagsins verður skilað til málefnaþanna til frekari úrvinnslu. Fenginn var ráðgjafi frá Capacent til að hafa umsjón með starfsdeginum og draga saman niðurstöður.

Málefnaþar ÖBÍ

Málefnaþarnir hafa allir unnið eftir starfsáætlun fyrir árið 2017 þar sem þeir tiltóku þrjú helstu málefni sem þeir ætluðu að leggja áherslu á skv. tilögum stefnupings sem samþykktar voru á aðalfundi ÖBÍ 2016. Hóparnir skilgreindu bæði markmið og leiðir í áætlununum. Málefnaþarnir hafa miðað að því að skila reglulega afurðum svo sem í formi bréfa til stjórnvalda, málþingum og greinum til að hafa sem mest áhrif á gang mála. Þá skila málefnaþarnir stöðuskýrslu á 6 mánaða fresti til stjórnar. Formenn aðildarfélaganna hafa einnig fengið kynningu á skýrslum hópanna á formannafundum.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) hefur nú verið fullgiltur en þrýst hefur verið á stjórnvöld að lögfesta samninginn ásamt því að fullgilda valfrjálsa bókun með samningnum.

Þann 20. september 2016 samþykkti Alþingi þingsályktun um að valkvæður viðauki við samninginn skuli einnig fullgiltur fyrir árslok 2017. Viðaukinn felur í sér mikilvægar réttarbætur fyrir fatlað fólk. Af þessu tilefni sendi ÖBÍ áskorun til stjórnvalda þann 10. júlí 2017 ásamt Landsamtökunum Proskahjálp, Geðhjálp, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rannsóknasetri Háskóla Íslands í fötlunarfræðum og Tabú um að fullgilda viðaukann hið fyrsta.

Þá var hafin kortlagning og gagnaöflun vegna ritunar skuggaskýrslu.

Bandalagið bauð upp á námskeið fyrir öll aðildarfélögin um SRFF sem Rannveig Traustadóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands í fötlunarfræðum hafði umsjón með. Sumarskóli um SRFF í Galway á Írlandi var haldinn í júní 2017. Eins og fyrri ár styrkti ÖBÍ félagi í aðildarfélögum sínum til þátttöku í námskeiðinu en 7 manns fóru út þetta sumarið ásamt einum aðstoðarmanni.

Starfsfólk ÖBÍ hefur einnig lagt sig fram um að kynna sér SRFF í þaula og fóru tveir starfsmenn til Galway í sumar. Samningurinn er mikilvægt tæki í starfi ÖBÍ þar sem vísað er til hans í flestum skjölum og umsögnum sem unnar eru.



Lukka

ÖBÍ hefur fengið rétt til að þýða og gefa út bókina „Lukka“ sem MBF færeysku systursamtök ÖBÍ hafa gefið út. Lukka er bangsi sem hvorki er stelpa né strákur og þræðir allar greinar samningsins í bókinni. Bókin er fagurlega myndskreytt eftir einn þekktasta myndlistarmann Færeyja Edward Fuglø. MBF gaf öllum færeyskum grunnskólanemendum í fimmta bekk bókina. Verkefninu ætti að vera lokið síðar á árinu 2017 eða 2018 en stefnt er að því að gefa bókina til grunnskólanemenda á Íslandi til að fræða þau um SRFF.



Dómsmál

ÖBÍ rekur nokkur dómsmál á ári hverju sem öll eru prófmál í réttindabaráttu fatlaðs fólks og öryrkja með einhverju móti.

Allt frá árinu 2012 hefur ÖBÍ staðið í málarekstri sem reynir á framfærslugreiðslur. Í málinu taldi stefnandi greiðslur ríkisins ekki nægja til framfærslu sem væri tryggð samkvæmt stjórnarskrá. Málið tapaðist fyrir Hæstarétti í desember 2016.

Fjögur dæmi eru um að sérstakar reglur innan kerfisins valdi því að greiðslur einstaklinga hafi fallið langt undir hið stjórnarskrárbundna lágmark sem öllum einstaklingum er tryggt samkvæmt lögum. Í tveimur reynir á lögmati útreiknings greiðslna á grundvelli fyrri búsetu erlendis. Annað varðar greiðslurnar í heild sinni. Í hinu reynir á hvort búsetuútreikningur sérstakrar uppbótar til framfærslu standist lög. Þriðja málið varðar lögmati þess að tengja greiðslur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga við tekjur maka. Í fjórða málinu hafði ríkisskattstjóri, á grundvelli ákvæðis í tekjuskattslögum, fært fjármagnstekjur, að helmingi, á maka þess sem hafði fjármagnstekjurnar. Varð þetta til þess að einstaklingurinn naut nánast einskis réttar frá almannatryggingum. Von er á dómum í málunum á næstu mánuðum. Einnig var farið með mál fyrir dómstóla þar sem sýslumaður féllst á aðför í bifreið einstaklings sem honum var nauðsynleg. Héraðsdómur féllst á kröfur stefnanda að ekki væri hægt að krefjast aðfarar í málinu. Stefnandi heldur því bifreið sinni.

Samstarf við Opna háskólann í Háskóla Reykjavíkur

Öryrkjabandalag Íslands skrifaði undir samstarfssamning við Opna háskólann í Háskóla Reykjavíkur (HR) vegna námslínunnar „Stjórnendur í þriðja geiranum“ sem hófst 17. október 2017.

Það eru Opni háskólinn í HR og Almannaheill sem hafa þróað nýju námslínuna fyrir stjórnendur félagasamtaka og sjálfseignastofnana. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á nám hér á landi sem er sérstaklega ætlað þriðja geiranum. Kennslan byggist að miklu leyti á hagnýtum verkefnum tengdum atvinnulífi og alþjóðaumhverfi. Námskeiðið samanstendur af átta námslotum sem fjalla um réttarumhverfi, stefnumótun, stjórnun sjálfbodaliða, markaðssetningu, fjármála- stjórnun og fleira.



Ljósmynd: Jóhanna Vigdís Guðmunds.

Fulltrúar ÖBÍ og Opna háskólans í HR við undirritun samstarfssamnings

Fjármál ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands stendur vel fjárhagslega og hefur gott svigrúm til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem lögð er áhersla á hverju sinni. Á árinu 2016 fékk bandalagið aukagreiðslu frá Íslenskri getspá upp á 60 m.kr. vegna góðrar rekstrarafkomu. Stjórn ákvað að ráðstafa upphæðinni óskiptri til Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagsins vegna langra biðlista eftir leiguhúsnæðiogalmennterfiðrarstöðuáhúsnæðismarkaði.



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Starfsfólk ÖBÍ, aftari röð, talið frá vinstri: Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Hanna Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi, Ellen Calmon, formaður, Jóhanna Hermansen, þjónustufulltrúi, Stefán Vilbergsson, verkefnastjóri, Guðjón Helgason, samskiptastjóri og Þórný Björk Jakobsdóttir, verkefnastjóri.

Fremri röð, talið frá vinstri: Þorbera Fjölfnisdóttir, verkefnastýra, Hannes Ingi Guðmundsson, lögfræðingur/ráðgjafi, Kristín Margrét Bjarnadóttir, þjónustufulltrúi og Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi.

Á myndina vantar: Ölmú Ýr Ingólfssdóttur, lögfræðing, Margréti Ögn Rafnsdóttur, bókasafns- og upplýsingafræðing og Sigurjón Unnar Sveinsson, lögmann.

Facebook

Facebook síða ÖBÍ er uppfærð reglulega með spennandi fréttum. Efnið þar snýst um réttindamál aðildarfélaganna auk léttmetis sem höfðar til almennings. Fylgjendum síðunnar fjölgar stöðugt og eru þeir nú 7.200.

Vefrit og tímarit ÖBÍ

Gefin voru út tvö vefrit á árinu, þau komu út í febrúar og júlí 2017. Þá kom út eitt prentað tímarit sem var dreift á öll heimili á landinu um miðjan október 2017. Fjallað var um helstu áherslumál ÖBÍ í tímaritunum.

Innri vefur

Innri vefur ÖBÍ hefur verið settur upp og er um Podio vef að ræða. Rúnar Björn Herrera hefur haft umsjón með því að leiðbeina aðildarfélagunum um notkun á vefnum en innleiðing á honum er ekki að fullu lokið. Enn eiga einhver aðildarfélög eftir að tileinka sér notkun á Podio.

Skrifstofa ÖBÍ

Skrifstofa ÖBÍ hefur yfir að skipa öflugum starfslíði sem hefur góða þekkingu á þeim málefnum sem unnið er að. Í ágúst 2017 störfuðu 11 manns á skrifstofunni í 10,6 stöðugildum. Þá er starfsfólk í afleysingum, átaksverkefnum og í tímavinnu eftir þörfum hverju sinni.

Skrifstofu ÖBÍ er skipt upp í 3 starfseiningar samkvæmt skipuriti sem tók gildi í mars 2016. Einingarnar eru:

1. Stoðþjónusta og almannatengsl
2. Verkefnastjórnun
3. Ráðgjöf- og lögfræðiþjónusta



Einstaklingsráðgjöf

Veitt er ráðgjöf til þeirra sem leita til ÖBÍ. Málín eru af ólíkum toga en mestmegnis er um lífeyrismál, fjármál og húsnæðismál. Húsnæðismál og húsnæðisbætur hafa verið mjög áberandi síðasta árið og hafa ráðgjafar ÖBÍ verulegar áhyggjur af stöðunni á húsnæðismarkaði. Þá hefur einnig borið á því að fólk hafi ekki næg fjárráð til að standa undir heilbrigðis- og þjálfunarkostnaði. Þá hafa örorkulífeyrisþegar miklar áhyggjur af fyrirhuguðu starfsgetumati og hvaða áhrif slíkt mat myndi hafa á framfærslu þess. Fjölmargar athugasemdir hafa einnig borist vegna geðheilbrigðismála þar sem fólk fær ekki þjónustu við hæfi og biðin er löng.

Fleiri fyrirspurnir hafa borist um hvernig örorkulífeyrir greiðist úr landi. Þá virðast fleiri örorkulífeyrisþegar eiga erfiðara með að lifa af lífeyrinum og er húsnæðiskostnaður þar stór þáttur. Einnig hefur málum fjölgað sem varða myglu í húsnæði.


Náms- og kynnisferð starfsfólks

Starfsfólk skrifstofu ÖBÍ fór í náms- og kynnisferð til Brussel í júní 2017 líkt og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2017. Tilgangur ferðarinnar var að afla þekkingar, mynda tengsl og kynnst betur starfi systursamtaka, annarra samtaka og alþjóðastofnana sem starfa ötullega að málefnum fatlaðs fólks og eru með aðsetur í Brussel. Lögð var áhersla á að fræðast um hvernig félögin vinna skuggaskýrslur (e. alternative report) um SRFF.

Fundað var með eftirfarandi félögum/samtökum/stofnunum:

- a) European Disability Forum (EDF). Evrópsk regnhlífarsamtök félaga fatlaðs fólks sem ÖBÍ á aðild að.
- b) Belgium Disability Forum (BDF). Belgísk systursamtök okkar.
- c) European anti poverty network (EAPN). ÖBÍ á í samstarfi við EAPN.
- d) European Network on Independent Living (ENIL). Samtök um sjálfstætt líf.
- e) Mental Health Europe. Samtök um geðheilbrigðismál.
- f) European Associations of Service Providers for Persons with Disabilities (EASPD). Evrópusamtök þjónustuveitenda.
- g) Fundur hjá Evrópuþinginu um sjálfbæra þróun og þar á meðal baráttu gegn fátækt. EDF, Evrópuþingið og Disability Intergroup (DI) stóðu að fundinum. DI er óformlegur félagskapur þingmanna Evrópuþingsins sem vinna að málefnum fatlaðs fólks.

ÖBÍ mun geta notið leiðsagnar hjá sérfræðingum EDF við gerð skuggaskýrslu um SRFF ásamt því að fá aðstoð við að setja upp vinnustofudag í tengslum við skýrsluskrifin þar sem öll aðildarfélög ÖBÍ ásamt fleiri hagsmunasamtökum verða kölluð til. Nauðsynlegt er að fá framlag frá öllum svo skýrslan verði sem best.



Höfuðstöðvar EDF í Brussel


Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

Norrænt samstarf Ráðet för nordiskt samarbete om funktionshinder (RNSF)

Ráðgefandi og stefnumarkandi ráð varðandi mál-efni fatlaðs fólks fyrir Norrænu ráðherrernefndina og samstarfsaðila hennar. Í ráðinu sitja fulltrúar öryrkjabandalaga frá öllum Norðurlöndunum ásamt starfsfólki ráðuneyta.

Haldnir voru þrjár fundir á tímabilinu, í nóvember 2016, mars og september 2017. Á septemberfundinum var meðal annars kynnt úttekt sem gerð hafði verið á starfi ráðsins og voru niðurstöðurnar í stuttu máli þær að það er talið mikilvægt í norrænu samstarfi og að stytta þurfi boðleiðir að Norrænu ráðherrernefndunum og hafa meiri áhrif. Málafni fatlaðs fólks ætti að snerta allar ráðherrernefndirnar en ekki einungis nefndina um félagslegu kerfin. Gert er ráð fyrir að næsta kjörtímabil ráðsins sé 5 ár, frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022.

Formaður ÖBÍ lagði til að meiri áhersla yrði lögð á greinar 27 og 28 í SRFF ásamt 12. grein. Fjalla þyrfti meira um fátækt og framfærslu og að fatlað fólk fái sömu laun og aðrir á vinnumarkaði og vísaði þar til baráttu EDF um að laun á vernduðum vinnustöðum verði ekki lægri en lágmarkslaun á vinnumarkaði. Þá hefur EDF lagt sífellt meiri áherslu á sjálfbærni og að Norðurlöndin þyrftu að horfa meira til markmiða Evrópusambandsins í þeim efnum. Þá þarf að leggja meiri áherslu á jöfn tækifæri til menntunar því að menntun er einn af þeim þáttum sem eykur möguleika á þátttöku á vinnumarkaði.



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

HNR fundur í Færeyjum

Handikapporganisationernas nordiska råd (HNR)

HNR er samstarfsvettvangur helstu heildarsamtaka fatlaðs fólks og langveikra á Norðurlöndum og á sjálfstjórnarsvæðunum. Þrjár fundir voru haldnir á tímabilinu, 1. nóvember 2016 í Kaupmannahöfn, 28. mars 2017 í Osló og 12. september 2017 í Færeyjum. Formaður og framkvæmdastjóri sækja fundina fyrir hönd ÖBÍ.

Á fundunum var meðal annars rætt um að Norðurlöndin þyrftu að tilnefna konu í nefnd Sameinuðu þjóðanna um SRFF. Nefndin samanstendur nú af 18 aðilum og þar af er einungis 1 kona.

Félögin á hinum Norðurlöndunum eru mörg hver farin að nota Twitter og Instagram í mun meira mæli og gefur það góða raun til að koma boðskap á framfæri og sérstaklega til að ná til unga fólksins. Þau leggja æ ríkari áherslu á sýnileika og störf samskiptastjóra virðast spila sífellt stærra hlutverk í störfum félaganna.

Talað hefur verið um aðkomu Grænlands að þessu samstarfi en mikilvægt er að ná til Grænlandinga þar sem staða mannréttinda fatlaðs fólks þar í landi þykir ekki góð. Þar sem engin ein regnhlífasamtök eru þar í landi hefur reynst erfitt að ná til þeirra en áfram skal reynt.

Sænsku samtökin hafa skipt um nafn og heita nú „Funktionsrätt“ og ætla færeysku samtökin MBF einnig að skipta um nafn. Markmið nafnabreytinganna er að nýja nafnið verði jákvæðara og meira valdeflandi.

Ráðstefnan Bryt tabút!

Ráðstefnan var haldin í Færeyjum í framhaldi af fundum RNSF og HNR. Hún fjallaði um kynlíf og fjölþætta mismunun sem fatlað fólk verður fyrir vegna málefna sem tengjast kynhneigð, kynlífi og einkalífi. Þá var gerð grein fyrir ýmsum rannsóknum á þessu sviði og hvernig viðhorf hafa breyst eða lítið breyst í gegnum árána rás. Kynnt voru ýmis hjálpartæki sem geta nýst fötluðu fólki til að geta stundað kynlíf og talað var um nauðsyn þess að fatlað fólk hafi aðgengi að því sem þarf til að geta stundað kynlíf. Einnig var talað um aðkomu aðstoðarfólks í þessum efnum. Lítið hefur verið rætt um þessi mál á Íslandi og er full ástæða til að hefja þá umræðu.

Ráðstefna um réttindi barna og ungmenna

Þann 14. nóvember var haldin ráðstefna á vegum Norrænu velferðarmiðstöðavarninnar um réttindi barna og ungmenni samkvæmt SRFF í Mariehamn.

Formaður ÖBÍ var með erindi á ráðstefnunni um málefni fatlaðra barna og skólagöngu og þann stuðning sem börn og foreldrar fatlaðra barna fá. Í erindi sínu fjallaði formaður einnig um skóla án aðgreiningar og tómstundastarf barna og vísaði til Barnasáttmála Sp. Ráðstefnunni var streymt beint á vefsíðu NVC.

Evrópusamstarf

ÖBÍ tekur þátt í starfi Evrópusamtaka fatlaðs fólks, European Disability Forum (EDF). Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ er fulltrúi ÖBÍ í stjórn EDF og varamaður hans er Ellen Calmon, formaður ÖBÍ. Þrjú fundir eru haldnir árlega, stjórnarfundur 11.-13. nóvember 2016 í Bratislava, Slóvakíu, stjórnarfundur 17.-19. febrúar 2017 í Buggiba, Möltu og aðalfundur 12.-14. maí 2017 í Madrid, Spáni.

Á fundunum kom fram að verið er að skoða og bera saman hvernig SRFF er innleitt í ýmsum löndum Evrópu bæði á ríkis- og sveitarstjórnarstigi. EDF gefur út mannréttindaskýrslu í fyrsta skipti í ár (2017) en fjallað verður sérstaklega um SRFF og 10 ára afmæli samningsins. Þá verða einnig teknar saman ýmsar tillögur og yfirlýsingar sem ýmis ríki hafa sett fram í sambandi við SRFF. EDF stefnir að því að gefa út viðlíka mannréttindaskýrslu árlega.

Gera á breytingar á nefndum EDF, í stað SRFF

nefndar verður mannréttindanefnd því leggja þarf ríkari áherslu á málefni barna, kvenna og flóttafólks.

Rætt var um mikilvægi þess að fatlað fólk haldi réttindum sínum eftir að það verður eldri borgarar, því réttindi breytast oft við að fara á ellilífeyrisaldur.

Samhliða fundinum á Möltu var haldin ráðstefna um atvinnumál fatlaðs fólks. Talað var um mikilvægi þess að fatlað fólk fái tækifæri til að taka þátt á vinnumarkaði án skerðinga á lífeyri. Það er mjög mismunandi á milli landa innan Evrópu hvort lífeyrir skerðist við atvinnutekjur eða ekki. Einnig var rætt um að uppræta þurfi verndaða vinnustaði sem greiða fötluðu fólki laun sem eru undir lágmarkslaunum á vinnumarkaði. Talað var um að það séu í raun þrælkunarbúðir. Staða heyrnarlausra er oft mjög slæm þegar kemur að atvinnutækifærum og fær heyrnarlaust fólk oft ekki einu sinni tækifæri á atvinnuviðtali.

Talað er um stöðu fatlaðra kvenna sérstaklega og sagt var frá skýrslu EDF um þvingaðar ófrjósemis- aðgerðir. Í 98% tilfella eru þvingaðar ófrjósemis- aðgerðir gerðar á konum/stúlkum en 2% á drengjum/körlum. Aðildarfélög EDF voru hvött til að beita sér í þessum málum í sínum löndum ásamt málefnum fatlaðra flóttamanna þannig að stjórnvöld liðki fyrir því að bjóða fatlað flóttafólk velkomið.

Ellen Calmon, formaður ÖBÍ, bauð sig fram til stjórnar EDF og var hún kosin í stjórn á aðalfundi EDF í maí til fjögurra ára setu eða til ársins 2021.

Þakkir

ÖBÍ þakkar öllum þeim sem sitja í nefndum og ráðum fyrir bandalagið þá ómældu vinnu sem þetta fólk leggur á sig. Þátttaka félaga aðildarfél- aganna í slíkum störfum er bandalaginu gríðarl- ega mikilvægt.

Umsagnir og athugasemdir

Árlega sendir skrifstofa ÖBÍ umsagnir við fjölda frumvarpa Alþingis sem tengjast málaflokki fatlaðs fólks. Einnig er nokkuð um að athugasemdir séu sendar til ráðuneyta. Á liðnum 12 mánuðum hefur eftirfarandi verið sent:

Umsagnir um frumvörp til Alþingis:

- um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017.
- um frumvarp til laga um fjárlög 2017.
- um frumvarp til breytinga á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (textun myndefnis).
- um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.
- um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsparfir.

Umsagnir um þingsályktunartillögur

- um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun.
- um tillögu til þingsályktunar um húsnæði Listaháskóla Íslands.
- um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 - 2022.
- um tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022.
- um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir 2017-2021.

Umsagnir um reglugerðartillögur

- um drög að reglugerð um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.



Við auðvitað veitum umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir.

Myndir úr starfi ÖBÍ



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

Förðun fyrir viðtal



Það hefur viljað brenna við t.d. að salerni fyrir hreyfihamlaða

Rammi úr sjónvarpsþætti um ÖBÍ á Hringbraut



Ljósmynd: Margrét Ögn

Hvatningarverðlaunanevnd ÖBÍ



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Uppistand



Ljósmynd: Einar Ólason

Málþing ÖBÍ



Ljósmynd: Ellen Calmon

Fundur með formanni Velferðarnefndar Alþingis



Ljósmynd: Einar Ólason

Aðalfundur ÖBÍ



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

Sjónvarpsþáttagerð



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

Formaður ÖBÍ í viðtali í Kastljósi



Ljósmynd: Margrét Ögn

Málþing ÖBÍ um kjaramál



Ljósmynd: Margrét Ögn

Laganefnd ÖBÍ



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir

Starfsmenn ÖBÍ í Brussel



Ljósmynd: Einar Ólason

Aðalfundur ÖBÍ



Ljósmynd: Einar Ólason

Málþing ÖBÍ um aðgengi



Ljósmynd: Einar Ólason

Samstöðufundur ÖBÍ

Málefnaþópur um aðgengi



Grétar Pétur Geirsson
formaður

Málefnaþópur ÖBÍ um aðgengi hefur haldið 29 fundi frá því að hann var skipaður í nóvember 2015 til 1. september 2017. Þar af 15 frá síðasta aðalfundi, auk þess sem hópurinn fór á fund Strætó bs.

Frá því í byrjun september 2016 hefur hópurinn staðið fyrir þremur viðburðum. Í mars 2017 gaf hópurinn út leiðbeiningarritið „Aðgengi fyrir alla utandyra“ á málþinginu „Er leiðin greið?“ sem hann stóð fyrir ásamt Blindrafélaginu, Átaki, Verkís og Reykjavíkurborg. Um 130 manns mættu á viðburðinn, að stórum hluta fagfólk.

Á Hönnunarmars tók málefnaþópurinn þátt í málþinginu „Universal Design Talks“ í samstarfi við Aðgengi ehf. Um 40 manns mættu á þann viðburð.

Í maí 2017 hélt síðan málefnaþópurinn málþingið „Mannréttindi og algild hönnun“ í samstarfi við Reykjavíkurborg, Proskahjálp og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Um 50 manns mættu á þann viðburð.

Málefnaþópurinn lagði fram tillögur að 10 mál-efnum fyrir stefnuþing ÖBÍ vorið 2016, sem voru P-merkt bílastæði, snjósmokstur, gangbrautarljós, gangbrautir, textun í sjónvarpi, aðgengiseftirlit, bifreiðamál, túrismi, ferðaþjónusta fatlaðra og hönnun útisvæða.

Þau þrjú málefni sem stefnuþingið valdi að leggja áherslu á voru ferðaþjónusta fatlaðra, textun í sjónvarpi og aðgengiseftirlit. Hópurinn valdi frekar að leggja áherslu á hönnun útisvæða en ferðaþjónustu fatlaðra, því að sú vinna var hafin fyrir stefnuþing.

Hópurinn hefur fundað með ráðamönnum, stjórnendum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Þar má nefna Isavia, Icelandair, Mannvirkjastofnun, Strætó bs., Háskólann í Reykjavík, Reykjavíkurborg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Landlækni og Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu.

Hópurinn hefur unnið með Verkís, Reykjavíkurborg, Ferðamálastofu, Blindrafélaginu, Átaki, Mannvirkjastofnun, Proskahjálp, Rannsóknasetri í fötlunarfræðum og Aðgengi ehf.

Hópurinn hefur sent inn umsagnir um ýmis þingmál, auk þess sem skrifleg erindi hafa verið send stofnunum, s.s. erindi til Umhverfisráðuneytis um sorpflokkun, umsögn um breytingu á lögum um húsnæðismál, erindi um hljóðmerkjabúnað við gönguljós í Reykjavík, erindi um sjúkragistingu á Akureyri, umsögn þingsályktunartillögu um húsnæði LHÍ, umsögn um breytingu á lögum um fjölmiðla (textun myndefnis), tillögur um áherslu á aðgengisstefnu Reykjavíkur, umsögn um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks og breytingartillögur á leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar með byggingarreglugerð.

Formaður, Grétar Pétur Geirsson
Starfsmaður, Sefán Vilbergsson

Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál



Guðrún Sæmundsdóttir,
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um atvinnu- og menntamál skjólstæðinga ÖBÍ. Á tímabilinu frá september 2016 fram á haust 2017 hafa verið haldnir 16 fundir.

Helstu verkefni hópsins hafa verið að halda tvö málþing. Þá var farið í heimsókn í Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu og Frumbjörgu, frumkvöðlamiðstöð Sjálfsbjargar. Fundað var með framkvæmdastjórn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og skólamálafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í september hélt hópurinn málþing um skerta starfsgetu sem nefnt var „Vannýttur mannauður“. Rúmlega 60 manns mættu á það. Í apríl var haldið málþing um menntun nemenda með sérþarfir, „Skóli fyrir alla – hindranir eða tækifæri?“ þar sem um 100 manns mættu.

Á seinna málþinginu var Dr. Erja Sandberg, kennari við Háskólann í Helsinki í Finnlandi, aðalfyrirlesari. Í fyrirlestri sínum gaf Dr. Sandberg góða innsýn í menntun og reynslu Finna af skóla án aðgreiningar.

Þau málefni sem aðalfundur hefur valið að leggja áherslu á í starfi málefnaþópsins er að hvatningakerfi, vottun eða skattaívilnun, verði tekið upp fyr-

ir fyrirtæki og stofnanir sem hafa ákveðið hlutfall starfsmanna með skerta starfsgetu. Markmiðið er að auka framboð á hlutastörfum fyrir örorkulífeyrisþega sem margir hverjir geta unnið hlutastörf.

Þá er lögð áhersla á að stofnaður verði sérstakur lánasjóður til að stuðla að sjálfstæðum atvinnurekstri fólks með skerta starfsgetu. Afborganir verði greiddar samkvæmt innkomu. Eykur það atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega og gerir fólki kleift að nýta menntun sína og hæfileika. Fylgt verði lögbundinni þjónustu gagnvart nemendum með sérþarfir og tryggð verði jöfn tækifæri til náms óháð tekjum og stöðu.

Formaður málefnaþópsins er fulltrúi ÖBÍ í samráðsteymi á vegum velferðarráðuneytisins og VIRK starfsendurhæfingar vegna rannsóknar á vinnumarkaði og þátttöku fólks með skerta starfsgetu. Greina á hvernig vinnumarkaðurinn mætir þörfum fólks með skerta starfsgetu og hvað hindrar þátttöku þessa hóps á vinnumarkaði.

Formaður, Guðrún Sæmundsdóttir
Starfsmenn, Alma Ýr Ingólfssdóttir og
Þorbera Fjöl意思dóttir

Kvennahreyfing ÖBÍ

Stýrihópur Kvennahreyfingar Öryrkjabandalags Íslands fundaði reglulega en starfið var með rölegasta móti, m.a. vegna veikinda.

Konur innan hreyfingarinnar sóttu málþing og ráðstefnur um málefni sem tengjast lífi fatlaðs fólks og voru m.a. á þöllum alþingis þegar þingið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) í september 2016.

Kvennahreyfing ÖBÍ heldur úti virkri Facebook síðu þar sem vakin er athygli á ýmsu því er snertir líf fatlaðra og langveikra kvenna.

Talskona, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Starfsmaður, Þorbera Fjöl意思dóttir

Málefnaþópur um heilbrigðismál



Emil Thóroddsen,
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um heilbrigðismál fyrir skjólstæðinga ÖBÍ. Málefnaþópur ÖBÍ um heilbrigðismál hefur haldið 28 fundi frá því að hann var skipaður í nóvember 2015 til og með ágúst 2017. Þar af 16 frá síðasta aðalfundi.

Málefnaþópurinn hefur staðið að þremur viðburðum frá aðalfundi ÖBÍ 2016. Samráðsfundur um hjálpartæki var haldinn með fulltrúum frá aðildarfélögum ÖBÍ, Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar og NPA miðstöðinni í marsmánuði, en málefnaþópurinn vann svo samantekt úr niðurstöðum fundarins. Málþing um hjálpartæki í daglegu lífi var síðan haldið þann 27. september 2017. 25 manns tóku þátt í samráðsfundinum en um 100 manns sóttu málþingið. Fjallað var um málþingið í Morgunútvarpi Rásar 2 og í sjónvarpsfréttum RÚV.

Málefnaþópurinn hélt síðan almennan fræðslufund um nýtt greiðslupátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu 27. apríl fyrir notendur kerfisins í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Félag eldri borgara (FEB), en greiðslupátttökukerfið tók gildi 1. maí 2017. Alls sóttu um 50 manns fræðslufundinn.

Málefnaþópurinn lagði fram tillögur að 7 málefnum fyrir stefnuþing ÖBÍ vorið 2016, sem voru hjálpartæki og þjálfun, heilsugæslan, Landspítalinn, landsbyggðin, lýðheilsa/forvarnir, langveikir og greiðslupátttaka. Stefnuþing ÖBÍ 2016 valdi að leggja áherslu á hjálpartæki og þjálfun, heilsugæslu og greiðslupátttöku.

Auk þeirra þriggja málefna sem stefnuþing valdi mikilvægast að hópurinn myndi leggja áherslu á, hefur hann lagt áherslu á tannlæknakostnað lífeyrisþega og aðstöðu fyrir fatlaðar konur á leitarstöðvum.

Hópurinn hefur fundað með ráðamönnum, stjórnendum stofnana og félagasamtaka. Þar má nefna heilbrigðisráðherra, Sjúkratryggingar Íslands, Félag íslenskra heimilislækna og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þá hefur hópurinn unnið með FEB, LEB og Tannlæknafélagi Íslands.

Málefnaþópurinn hefur sent inn umsagnir um ýmis þingmál, auk þess sem skrifleg erindi hafa verið send stofnunum, s.s. Sjúkratryggingum Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, Ljósínu, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Formaður, Emil Thóroddsen
Starfsmaður, Stefán Vilbergsson

Málefnaþópur um kjaramál



María Óskarsdóttir,
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um kjaramál skjólstæðinga ÖBÍ. Á liðnu ári hefur hópurinn haldið 18 fundi og fjóra viðburði.

Í september var efnt til sameiginlegs fundar málefnaþópa ÖBÍ með frambjóðendum til Alþingis vegna þingkosninga í október 2016. Í desember efndi málefnaþópurinn til samstöðufundar við Alþingishúsið vegna fjárlaga sem þá voru til umræðu. Aðrir málefnaþópar tóku þátt að frumkvæði málefnaþóps um kjaramál. Þingmönnum voru afhent skríni með óskum almennings.

Í mars hélt málefnaþópurinn opinn fund um kjaramál með yfirskriftinni „Skattar, skerðingar og húsnæði“. Á þann fund mættu um 70 manns. Kjaramálin tók einnig þátt í undirbúningi fyrir aðgerðir ÖBÍ 1. maí. Hópurinn og bandalagið tóku þátt í kröfugöngunni í miðbæ Reykjavíkur þann dag og víðar um land.

Helstu áherslumál hópsins fyrir Alþingiskosningar í október 2016 voru hækkun örorkulífeyris almannaþrygginga þannig að lífeyrir yrði ekki lægri en 390.250 krónur á mánuði í janúar 2017. Dregið yrði úr tekjuskerðingum, forgangsatríði að taka út krónu-á-móti-krónu skerðingar og persónuafsláttur yrði hækkaður verulega.

Meðal annarra verkefna hópsins voru ýmsir útreikningar og söfnun tölulegra upplýsinga um kjör örorkulífeyrisþega og undirbúningur sameiginlegs fundar með frambjóðendum til Alþingis. Settar voru fram spurningar fyrir frambjóðendum og fyrir Gallup-skoðanakönnun. Spjöld voru útbúin fyrir samstöðufundinn við Alþingi. Ályktun um kjaramál var gerð fyrir aðalfund ÖBÍ. Þá voru skrifaðar þrjár blaðgreinar.


- Grein í Fréttablaðinu 22.11.2016: Tillögur að leiðréttingum fyrir fjárlög 2017.
- Grein í Fréttablaðinu 28.4.2017: Fátækt útilokar fólk frá samfélaginu.
- Áskorun til þingmanna um afnám „krónu á móti krónu“ skerðinga. Áskorunin birt í grein í Fréttablaðinu, 9.5.2017: Hvar eru efnidirnar?

Unnið var með þingmanni að undirbúningi fyrirspurnar á Alþingi um útgjöld ríkissjóðs vegna afnáms krónu-á-móti-krónu skerðinga. Fyrirspurnin var lögð fram í lok maí.

Meðlimir málefnaþóps um kjaramál og þá sérstaklega varaformaðurinn hafa ítrekað komið fram í hinum ýmsu fjölmiðlum til að ræða kjaramál örorkulífeyrisþega.

Formaður, María Óskarsdóttir
Starfsmaður, Sigríður Hanna Ingólfssdóttir

Málefnaþópur um sjálfstætt líf



Rúnar Björn Herrera
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um sjálfstætt líf skjólstæðinga ÖBÍ. Á grundvelli ákvörðunar á Stefnumþingi ÖBÍ 2016 leggur hópurinn helst áherslu á þrjú mál: lögfestingu NPA, lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og atvinnumál. Á liðnu ári hefur hópurinn haldið 19 fundi.

Helsta verkefni hópsins var að tryggja að réttur fólks til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) yrði lögfestur. Hópurinn tók svokallaða „proactive“ nálgun í vinnu sinni og skrifaði frumvarp til sérlaga um NPA. Flestir fundir fóru í gerð frumvarpsins, umræður um uppsetningu þeirra og innihald. Frumvarpið var sent á stjórnáráðmenn í öllum stjórnáráðaflokkum. Enginn þeirra tók það upp og gerði að sínu.

Eftir áramót fór nánast öll vinna hópsins í að greina tvö frumvörp, annað um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, hitt varðar nú heildarlög, sem koma eiga í stað laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992. Frumvörpin eru viðamikil. Hópurinn skilaði sínum tillögum til starfsmanns ÖBÍ og varð sú vinna stór partur af umsögn ÖBÍ um frumvörpin. Frumvörpin hafa ekki orðið að lögum.

Málefnaþópurinn hélt ekki sérstaka viðburði þetta starfsárið. Velferðarráðuneytið hélt ráðstefnu um NPA haustið 2016. Ekki var talið rétt að bandalagið myndi halda ráðstefnu á sama tíma eða um svipað leyti og ráðuneytið hélt sína ráðstefnu. Eftir áramótin lagði hópurinn síðan áherslu á yfirferð frumvarpanna tveggja.

Formaður, Rúnar Björn Herrera
Starfsmaður, Sigurjón Unnar Sveinsson

Ungliðahreyfing ÖBÍ

Ungliðahreyfing Öryrkjabandalags Íslands var stofnuð í ágúst 2015 og er fyrir fólk á aldrinum 18 – 35 ára sem er með skerðingar, langvinna sjúkdóma eða raskanir. Hreyfingin er hugsuð sem vettvangur fyrir unga fólk til að vinna að sínum hagsmunamálum og öðlast rödd innan bandalagsins.

Hreyfingin stóð fyrir reglulegum hittingum síðasta starfsár og má þar nefna jólahitting og kaffihúshitting. Meðlimur hreyfingarinnar Arndís Lóa Magnúsdóttir háskólanemi sagði frá reynslu sinni af að fara sem Erasmus skiptinemi til Frakklands. Sigurjón Unnar Sveinsson, lögfræðingur ÖBÍ kom og fræddi hópinn um muninn á fullgildingu og lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sem Alþingi var þá nýbúið að fullgilda.

Í vor sögðu tveir meðlimir hreyfingarinnar frá reynslu sinni sem fatlaðir nemendur í menntakerfinu á málþingi sem málefnaþópur ÖBÍ um atvinnu- og menntamál stóð fyrir og fjallaði um stöðu nemenda með sérþarfir innan skólakerfisins.

Meðlimir hreyfingarinnar eiga sæti í málefnaþópu ÖBÍ fyrir hönd sinna félaga.

Ungliðahreyfing ÖBÍ er með hóp á Facebook sem er vettvangur til að miðla upplýsingum og fróðleik.

Talsmaður, Andri Valgeirsson
Talskona, Áslaug Ýr Hjartardóttir
Starfsmaður, Þorbera Fjölvisdóttir

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2016

Hvatningarverðlaun ÖBÍ eru veitt þeim sem hafa með störfum sínum stuðlað að einu samfélagi fyrir alla. Verðlaunaafhendingin fer fram ár hvert þann 3. desember á alþjóðadegi fatlaðs fólks. Starf undirbúningsnefndar Hvatningarverðlauna ÖBÍ felst í að kalla eftir tilnefningum frá aðildarfélögum ÖBÍ og almenningi, sjá um úrvinnslu tilnefninga til dómnefndar og undirbúa og skipuleggja hátíðardagskrá þann 3. desember þegar verðlaunin eru veitt.

Nefndin fundaði ásamt starfsmanni sínum, Kristínu Margréti Bjarnadóttur, 11 sinnum á árinu. Tilnefningar voru 50 til 34 aðila þetta árið. Hvatningarverðlaunahátíðin var haldin í Silfurbergi í Hörpu og var öll hin glæsilegasta, öll aðstaða eins og best verður á kosið.

Veislustjóri á hátíðinni var Einar Þór Jónsson, formaður HIV samtakanna. Dómnefnd verðlaunanna skipuðu: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir, Andri Valgeirsson, Auður Guðjónsdóttir, Jarþrúður Þórhallsdóttir og Bergþór Pálsson og varamennirnir Snædís Rán Hjartardóttir, Haraldur Freyr Gíslason og Páll Valur Björnsson.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, verndari Hvatningarverðlaunanna, gat því miður ekki verið við hátíðina svo Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, sá um afhendingu verðlaunanna. Viljum við þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til að gera þennan dag svo hátíðlegan og ánægjulegan.

Formaður undirbúningsnefndar Hvatningarverðlauna ÖBÍ, Sigrún Birgisdóttir



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Þau sem tilnefnd voru til hvatningarverðlaunanna 2016

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2016 hlutu:

• Í flokki einstaklinga:

Friðrik Sigurðsson, fyrir störf sín í þágu fólks með þroskahömlun og aðstandenda þeirra.

• Í flokki fyrirtækja/stofnana:

Dagsól ehf. – verslunin Next, fyrir metnaðarfulla starfsmannastefnu sem meðal annars felur í sér að ráða fólk með skerta starfsgetu.

• Í flokki umfjöllunar/kynningar:

Tabú, fyrir fræðslu og markvissa umfjöllun um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu.



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa



Stofnaður 1965 • Stöðugildi 13,75 • Stjórnarmenn 5

BRYNJA Hússjóður ÖBÍ er sjálfseignarstofnun sem ætlað er að eiga og reka félagslegt leiguhúsnæði fyrir öryrkja. Árið 2016 var fram haldið sömu stefnu uppbyggingar og fylgt hefur verið á síð-ustu árum.

Rekstur

Rekstur ársins var svipaður á árinu 2016 og undanfarin ár. Rekstrartekjur voru samtals 861,1 m.kr. árið 2016 og hækkuðu um 4,6% frá árinu áður. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld var 285,7 m.kr. samanborið við 294,5 m.kr. árið 2015. Heildareignir sjóðsins í árslok 2016 voru 18 milljarðar og eiginfjárhlutfall 70,7%.

Kaup og sala íbúða

Árið 2016 voru keyptar 6 íbúðir, allar á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúðir BRYNJA Hússjóðs

Fjöldi íbúða í árslok 2016 var 785, þar af voru 139 íbúðir á landsbyggðinni.

Tafla 2 – Fjöldi íbúða í árslok hvers árs.

Íbúðir Brynja Hússjóðs						
Ár	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Fjöldi íbúða	724	724	751	752	781	785

Sem fyrr eru langflestar íbúðir BRYNJA Hússjóðs í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum. Fjöldi íbúða í Reykjavík stóð í stað á milli ára á meðan íbúðum fjölgaði í Hafnarfirði, Garðabæ og Reykjanesbæ.

Stofnframlög

Ný lög um aðgerðir í húsnæðismálum voru samþykkt vorið 2016. Í þeim felst að félög sem eru rek-in án hagnaðar geta sótt um allt að 44% af kaup-

verði eða byggingarkostnaði. BRYNJA Hússjóður hefur fengið úthlutað 20 stofnframlögum vegna kaupa og byggingar íbúða í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ.

Leiguverð

Leiguverð BRYNJA Hússjóðs er sem fyrr hagstætt í samanburði við aðra kosti á leigumarkaði. Hefur leiguverð verið í kringum 60% af leiguverði á markaði, en leiguverð á almennum markaði hækkaði um 9,5% umfram leiguverð hjá BRYNJA Hússjóði á árinu 2016.

Umsóknir um íbúðir

Í árslok 2016 voru 387 á biðlista eftir húsnæði, sem er 28,1% aukning milli ára. Biðtími eftir húsnæði hefur af þessum sökum lengst nokkuð og er nú að jafnaði 24-36 mánuðir.

Starfsfólk og skrifstofa

Skrifstofan er opin virka daga kl. 9-15. Fjöldi stöðugilda árið 2016 var 13,75.

Stjórn BRYNJA Hússjóðs

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum aðilum í árslok 2016:

- Garðar Sverrisson, formaður
- Emil Thóroddsen, ritari
- Arnþrúður Karlsdóttir, gjaldkeri
- María Óskarsdóttir
- Þórarinn Þórhallsson, tilnefndur af velferðar-ráðuneytinu

Virðing

Samvinna

Búsetuöryggi

Brynja - Hússjóður Öryrkjabandalagsins • Hátún 10c • 105 Reykjavík • sími: 570 7800

brynjahus@brynjahus.is • www.brynjahus.is

Formaður: Garðar Sverrisson • Framkvæmdastjóri: Björn Arnar Magnússon



Stofnuð 2002 • Starfsmenn 22 • Verktakar 5-10


Fjölmennt er símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með þroskahömlun, fólk á einhverfurófi og fólk með geðfötlun, frá 20 ára aldri. Starfsemi Fjölmenntar skiptist í tvær deildir, símenntunardeild og ráðgjafardeild. Símenntunardeildin sér um námskeiðahaldið. Þar eru námskeiðin tvískipt, annars vegar námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi og hins vegar námskeið fyrir fólk með geðfötlun.

Fjölmennt starfar á landsvísu og gerir samninga við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni um námskeiðahald fyrir markhóp Fjölmenntar á viðkomandi svæði. Fjölmennt er einnig í samstarfi við Mími-símenntun um námskeiðahald fyrir fólk með þroskahömlun á höfuðborgarsvæðinu. Nám fyrir fólk með geðfötlun fer að mestu leyti fram utan húsnæðis Fjölmenntar en skipulagning og utanumhald er hjá Fjölmennt.

Hjá ráðgjafardeild Fjölmenntar starfa tveir ráðgjafar. Þeir veita ráðgjöf til nemenda Fjölmenntar og umboðsmanna þeirra og sjá um kennslufræðilega ráðgjöf. Einnig veita þeir öðrum símenntunaraðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk.

Markmið Fjölmenntar er að bjóða fötluðu fólki fjölbreytta símenntun og ráðgjöf varðandi nám. Jafnframt að stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið.

Megingildi Fjölmenntar eru: Jafnræði, samskipan, virðing, fjölbreytni, fullgild þátttaka, metnaður, framþróun.



Helga Jóna Thomsen, Guðrún Erla og Erna Sif



Hljómsveit

Fjölmennt • Vínlandsleið 14 • 113 Reykjavík • sími 530 1300 • fjolmennt@fjolmennt.is
www.facebook.com/Fjolmennt/ • www.fjolmennt.is
 Formaður: Gerður Aagot Árnadóttir • Forstöðumaður: Helga Gísladóttir



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Stofnuð 1987 • Starfsmenn 24

Hringsjá er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá getur líka hentað þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða einingarbæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðið er að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá.

Hringsjá er með þjónustusamning við Vinnumálastofnun og VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Kaupendur á liðnu ári voru Vinnumálastofnun, VIRK starfsendurhæfingarsjóður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitarfélög, aðrar starfsendurhæfingarstöðvar og aðrir samstarfsaðilar.

Hjá Hringsjá hafa verið þróuð ný námskeið, aukin áhersla verið lögð á náms- og starfsfræðslu og tengingu við atvinnulífið og tækifærum nemenda fjölgað til að njóta lista og menningarlífs.

Á árinu 2016 var áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar. Stefnt er að því að Hringsjá verði sjálfseignarstofnun sem hefur það markmið að veita fjölbreytta og þverfaglega starfsendurhæfingu.

Virðing – Skilningur – Fagmennska

Hringsjá • Hátún 10d • 105 Reykjavík • sími 510 9380 • hringsja@hringsja.is
www.facebook.com/hringsja
www.hringsja.is
Formaður: Halldór Sævar Guðbergsson • Forstöðumaður: Helga Eysteinsdóttir



Stofnuð 1986 • Starfsmenn 22

Tilgangur Íslenskrar getspár er að reka talna- og/ eða bókstafagetraunir (lottó) í samræmi við lög nr. 26/1986 og reglugerðir í því skyni að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSí og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða aðra starfsemi þess í þágu öryrkja.

Gildi félagsins snúa að heiðarleika, trausti og gleði samfara þátttöku neytenda í leikjum okkar og þakklæti til þeirra fyrir stuðning við stærstu fjölda-hreyfingar á Íslandi. Rekstur Getspár gekk vel á síðasta ári og voru allar helstu kennitölur í rekstri hagfelldar. Reksturinn kom í heildina vel út. Útgjöld voru innan áætlana.

Við leggjum áherslu á að fyrirtækið verði verndað fyrir ólöglegum erlendum spilafyrirtækjum héraðs, að starfsumhverfið verði tryggt til lengri tíma og að fyrirtækin á innlendum markaði verði öll með vottaða starfsemi.

Alþingi samþykkti nýlega með afgerandi hætti framlengingu á starfsleyfi Getspár til ársins 2034.

Fulltrúar ÖBÍ í stjórn Getspár eru Þóra Þórarinsdóttir og Lilja Þorgeirsdóttir.



Úr auglýsingu frá Íslenskri getspá

Íslensk getspá • Engjavegi 6 • 104 Reykjavík • sími 580 2500 • info@getspa.is • www.lotto.is
 www.facebook.com/eurojackpotaislandi/ • www.facebook.com/lotto.is/
 www.facebook.com/Lengjan-204550708915/ • www.facebook.com/islenskargetraunir • Twitter@gettraunir
 Formaður: Lárus Blöndal • Framkvæmdastjóri: Stefán Konráðsson



Stofnuð 1985 • Starfsmenn 1

TMF Tölvumiðstöð er sjálfstæð stofnun þar sem boðið er upp á ráðgjöf, fræðslu og námskeið á sviði upplýsingatækni. TMF Tölvumiðstöð hét áður Tölvumiðstöð fatlaðra en árið 2011 fékk miðstöðin nýtt nafn. TMF stendur fyrir Tækni-Miðlun-Færni.


Aðildarfélag TMF eru Blindrafélagið, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Öryrkjabandalag Íslands.

Á TMF er veitt einstaklingsmiðuð ráðgjöf, fræðsla til minni hópa og haldin námskeið og fyrirlestrar á ráðstefnum.

Starfsmaður TMF leitast við að svara öllum þeim beiðnum um ráðgjöf, fræðslu og kennslu sem berast. Á ári hverju eru haldin um þrjátíu námskeið á TMF og úti í skólum og stofnunum um land allt. Þau námskeið sem voru hvað vinsælust á tímabilinu eru: Talgervlar og tækni í lestri og ritun, iPad öpp og skapandi verkfæri og kennsluaðferðin ASL – að skrifa sig til læsis með lyklaborð að vopni. Einnig námskeið í notkun appa sem hægt er að aðlaga að þörfum hvers og eins. Ráðgert er að þróa áfram slík námskeið í framtíðinni þar sem þörf á námskeiðum í almennri notkun snjalltæka hefur minnkað.

AAC-Teymið er eitt samstarfsverkefna TMF. Það er samvinna um að efla AAC (Augmentative and Alternative Communication) eða óhefðbundnar tjáskiptaleiðir á Íslandi. Markmiðið er vitundarvakning hjá talmeinafræðingum og almennt um mikilvægi ACC, möguleika og tækni. Þá tekur TMF þátt í Nordic Thinktank, norrænu verkefni um velferðartækni á vegum Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar (NVC). Markmið þess er að kortleggja helstu áskoranir við innleiðingu nýrrar velferðartækni, koma með tillögur til stjórnvalda og stjórnsýslu til að liðka fyrir innleiðingu nýrrar tækni.

Helstu sértekjur TMF eru tekjur af námskeiðum sem haldin eru og styrkir sem fengnir eru til ýmissa verkefna. Tölvumiðstöðin fékk veglegan stuðning sem styrkir starfseminna frá Öryrkjabandalagi Íslands eða þrjár milljónir króna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Myndir frá námskeiði TMF á Akureyri 2017

TMF Tölvumiðstöð • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 562 9494 • sigrun@tmf.is
www.facebook.com/tolvumidstod/ • www.tmf.is

Formaður: Halldór Sævar Guðbergsson • Forstöðumaður: Sigrún Jóhannsdóttir



Stofnað 1976 • Starfsmenn 36

Örtækni er skráð sem frjáls félagasamtök í eigu og á ábyrgð Öryrkjabandalags Íslands. Markmið starfseminnar er að veita fólki með fötlun þjálfun til starfa á almennum vinnumarkaði eða framtíðarstarfa hjá Örtækni.

Rekstur Örtækni gekk vel á árinu 2016. Tekjur Tæknivinnustofu jukust nokkuð frá fyrra ári og héldu vel í við nokkuð miklar launahækkningar á árinu. Ræstingadeildin gekk vel að venju. Rekstrartekjur ársins 2016 voru kr. 112,2 milljónir auk fjárframlags frá þjónustusamningi við Vinnumálastofnun (VMST) kr. 24,5 milljónir. Rekstrartekjur samtals kr. 136,7 milljónir. Rekstrargjöld voru kr. 134,4 milljónir. Vaxtatekjur voru kr. 3,2 milljón og hagnaður ársins kr. 5,6 milljónir. Eigið fé Örtækni í lok árs 2016 var kr. 54,2 milljónir.

Hækkun á framlagi Vinnumálastofnunar til starfseminnar haltrar stöðugt langt á eftir hækkun launa og annars rekstrarkostnaðar í starfsemi Örtækni. Þjónustusamningur við VMST hljóðar upp á 18 stöðugildi fatlaðra starfsmanna. Fjárframlög samningsins í dag samsvara þó aðeins 12 stöðugildum sé tillit tekið til upphaflegra viðmiða við útreikning fjárframlaga hvers árs. Auknar rekstrartekjur fyrirtækisins á undanförunum árum hafa bætt upp þennan mismun.

Auknar rekstrartekjur Örtækni skila stöðugt meiri arði til hins opinbera í formi staðgreiðslu, tryggingagjalds og virðisaukaskatts á meðan framlög til starfseminnar fara stöðugt minnkandi. Framlag Örtækni til hins opinbera nam á árinu 2016 kr. 45,2 milljónum, á meðan framlag til rekstrarins nam kr. 24,5 milljónum. Nettó framlag Örtækni til hins opinbera, kr. 20,7 milljónir á árinu 2016. Að vinnustaður fatlaðs fólks greiði meira til hins opinbera en nemur styrk til starfseminnar er fáheyrnt í Evrópu og þó víðar væri leitað.

Horfur í rekstri Örtækni á árinu 2017 eru góðar, verkefnastaðan er góð og aukin verkefni í farvatninu. Starfsmönnum hefur fjölgað nokkuð á síðustu misserum. Ný stjórn Örtækni var skipuð í byrjun árs 2017.

Stjórn Öryrkjabandalags Íslands veitti Örtækni hlutdeild í rekstrarafgangi ÖBÍ á árinu 2016, að upphæð kr. 3 milljónir. Fyrir dyrum stendur endurnýjun á vélbúnaði Tæknivinnustofu fyrir kr. 16 milljónir. Þessi fjárfesting verður greidd af eiginfé fyrirtækisins.



Myndir úr starfi Örtækni

Örtækni • Hátún 10c • 105 Reykjavík • sími 552 6800 • ortækni@ortækni.is
www.facebook.com/ortækni • www.ortækni.is
 Formaður: Grétar Pétur Geirsson • Forstöðumaður: Þorsteinn Jóhannsson



Stofnuð 1988 • Félagsmenn 2.600 • Starfsmenn 2 í 1,8 stöðugildi • Stjórnarmenn 7 • Varamenn 2

Markmið ADHD samtakanna er að börn og full-orðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra og bæti möguleika í námi og starfi og almenn lífsgæði. Í félaginu er fólk með ADHD, foreldrar barna með ADHD og einnig fagfólk, velunnarar og áhugafólk um röskunina. Allir geta orðið félagar sem hafa náð 18 ára aldri.

Tilgangur samtakanna er að veita fólki með ADHD, aðstandendum og fagfólki fræðslu, ráðgjöf og stuðning. ADHD samtökin halda námskeið, standa fyrir málþingum, miðla upplýsingum, gefa út fræðslufni, sinna réttindagæslu og berjast fyrir bættri löggjöf í málefnum fólks með ADHD. Samtökin eru með útibú á Akureyri og halda fræðslu-

fundi víða um land. Þá eiga þau gott samstarf við helstu fagaðila hér á landi og eru í náinni samvinnu með ADHD samtökum á Norðurlöndum.

ADHD samtökin stefna að því að eiga sæti í öllum nefndum og vinnuhópum sem fjalla um ADHD í opinbera kerfinu, að gerður verði þjónustu- eða samstarfssamningur við ríkið og að fræðslu um ADHD verði komið inn í kennaranám og fræðslu fyrir fleiri fagstéttir. Þá verði útgáfustarfsemi aukin.

Slagorð: Skilningur skiptir máli – Stuðningur skapar sigurvegara / Athygli – Já takk! / Frumleg og fjölbreytt – Óheft og alls konar

ADHD samtökin • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 581 1110 • adhd@adhd.is • www.adhd.is
www.facebook.com/groups/205709759542868/ (Facebook síða ADHD á Norðurlandi)
www.facebook.com/ADHDSamtokin/ • Formaður: Elín Hoe Hinriksdóttir • Framkvæmdastjóri: Pröstur Emilsson



Stofnuð 1985 • Félagsmenn 1.360 • Starfsmenn 3 í 2,6 stöðugildum • Stjórnarmenn 5 • Varastjórn 2

Helstu verkefni Alzheimersamtakanna eru að fræða og styðja aðstandendur fólks með heilabilun og upplýsa um þá þjónustu og þau úrræði sem völ er á. Hlutverk samtakanna er að gæta hagsmuna skjólstaðinga sinna sem eru einstaklingar með heilabilun og aðstandendur þeirra. Fræðsla og ráðgjöf eru lykilhlutverk og fer það starf fram með liðsinni tengiliða sem starfa á landsbyggðinni. Þeir eru nú 23 talsins um allt land. Á Alzheimerdeginum, 21. september, ár hvert er haldin málstofa þar sem tekin eru fyrir þau mál-

efni sem í brennidepli eru á hverjum tíma. Áhersla er lögð á samvinnu aðstandenda og fagfólks í starfsemi samtakanna, ásamt því að halda tengslum við erlenda samstarfsaðila svo viðhalda megi þekkingu á sviði sjúkdómsins.

Samtökin reka sérhæfða dagdvöl í Reykjavík og í Hafnarfirði. Þau standa fyrir samverustundum og fyrirlestrum. Stefnt er að því að samtökin eignist eigið húsnæði og opni dagþjálfun fyrir unga einstaklinga með heilabilun.

Slagorð: Munum þá sem gleyma!

Alzheimersamtökin • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 533 1088 • alzheimersamtokin@alzheimersamtokin.is
www.facebook.com/alzheimersamtokin/ • Instagram: [alzheimersamtokin](https://www.instagram.com/alzheimersamtokin/) • Twitter: [@Alzlceland](https://twitter.com/Alzlceland)
 Formaður: Árni Sverrisson



Astma- og
ofnæmisfélagið

Stofnað 1974 • Félagsmenn 960 • Starfsmenn 1 í um 20% starfi • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2

Markmið félagsins er að styðja við bakið á fólki með astma og ofnæmi og veita því og aðstandendum þess faglega fræðslu og samtal eftir þörfum. Félagið beitir sér í hagsmunagæslu fyrir sína skjólstæðinga.

Félagið og fagaðilar innan þess annast fræðslu um astma og ofnæmi og eru ráðgefandi fyrir yfirvöld, skóla og fyrirtæki í þeim efnum. Félagið heldur einnig námskeið fyrir starfsmenn mótuneyta og eldhúsa og hafa yfir 100 manns sótt þau.

Astma- og ofnæmisfélag Íslands gefur út fræðsluefni og fréttabréf og býður til viðburða, þar á meðal eru Astmadagurinn og árlegt jólaball. Umsvif félagsins hafa aukist meðal annars samstarf við félög á Norðurlöndum og Evrópusamtökin – EFA.

Stefna félagsins er að gera starfsemina enn sýnilegri og til þess verða samskiptamiðlar á borð við Facebook notaðir í ríkari mæli. Þörf fyrir faglega upplýsingagjöf um astma og ofnæmi er að aukast vegna ferðalaga Íslendinga, straums ferðamanna til landsins, breytinga og hlýnunar í umhverfi okkar sem og breyttra krafna minnihlutahópa um aðgengi gæludýra að almenningssamgöngum.

Mikilvægt er að veita ítarlegar upplýsingar til þeirra sem eru með bráðaofnæmi fyrir gæludýrum, frjókornum, ilm- og þrifaefnum sem og fæðutegundum á borð við hnetur. Einnig að auka skilning og meðvitund samfélagsins um ábyrgð okkar allra.

Slagorð: Við erum líka þið – Heilsan skiptir öllu máli!

Astma- og ofnæmisfélag Íslands • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • símar 560 4814 / 552 2150 • ao@ao.is
www.facebook.com/Astmaofnaemisfelagid/ • www.ao.is
Formaður: Fríða Rún Þórðardóttir



Stofnað 1958 • Félagsmenn 667 • Starfsmenn 350 • Stjórnarmenn 10

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna og reka þjónustu til stuðnings fólki með þroskahömlun. Ás er aðstandendafélag en allir geta verið með í starfi þess, fatlaðir, foreldrar, aðstandendur, fagfólk og starfsmenn.

Félagið kappkostar að veita sem ákjósanlegust skilyrði til að hver og einn geti nýtt hæfileika sína og leggur áherslu á að sem flest almenn tilboð standi til boða. Félagið hefur komið á fót heimilum og vinnustöðum fyrir þá sem þess þurfa og

rekur slíka staði þegar ástæða er til.

Ás styrktarfélag stendur fyrir frumkvæði til athafna. Sveigjanleika til að mæta hinu óvænta í lífi og starfi einstaklinga og félags en ekki síst vill félagið veita gæðþjónustu sem felur í sér virðingu fyrir sjálfstæði og mannlegri reisn. Ævinlega leggur það ríka áherslu á samvinnu sem byggist á trausti milli aðila.

Gildi: Gæði – Sveigjanleiki – Frumkvæði

Ás styrktarfélag • Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogur • styrktarfelag@styrktarfelag.is • sími 414 0500
www.facebook.com/AsStyrktarfelag/ • www.styrktarfelag.is
Formaður: Guðrún Þórðardóttir • Framkvæmdastjóri: Þóra Margrét Þórarinsdóttir



Stofnað 1939 • Aðalfélagar 670 • Styrktarfélagar 4.400 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 4 • Starfsmenn 10

Blindrafélagið eru samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, mannréttindasamtök sem berjast fyrir því að blint og sjónskert fólk geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi. Því sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgðar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins.

Blindrafélagið veitir ýmsa þjónustu. Félagið annast ráðgjöf, selur hjálpartæki og leigir þau einnig út, annast ferðaþjónustu í samstarfi við sveitarfélög og Hreyfil og rekur styrktarsjóði og leiguíbúðir. Þá heldur félagið tómstundanámskeið, bingó, jólaskemmtanir og þorablót.

Í stefnumótandi starfi Blindrafélagsins á síðustu mánuðum var megináhersla lögð á setningu siða-

reglna fyrir stjórn, starfsfólk, sjálfboðaliða og félagsmenn. Einnig voru gerðar talsverðar umbætur á lögum félagsins. Sett var upp viðbragðsáætlun Blindrafélagsins í eineltismálum. Gerð var viðbragðsáætlun Blindrafélagsins gegn kynferðisbrotum á vettvangi félagsins og sett á fót sérstakt ráð utanaðkomandi fagaðila sem fólk, sem hefur orðið fyrir kynferðislegu áreiti á vettvangi félagsins, getur leitað til.

Blindrafélagið hefur rekið Blindravinnustofuna frá árinu 1941. Hún er til húsa í Hamrahlíð 17 sem félagið á. Markmið Blindravinnustofunnar er að veita blindum og sjónskertum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa.

Slagorð: Stuðningur til sjálfstæðis

Blindrafélagið • Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • sími 525 0000 • blind@blind.is
www.facebook.com/blindrafelagid/ • www.blind.is
 Formaður: Sigbór U. Hallfreðsson • Framkvæmdastjóri: Kristinn Halldór Einarsson



Stofnað 1932 • Stjórnarmenn 5

Blindravinafélag Íslands er fyrsta góðgerðarfélag á Íslandi sem enn er starfandi. Starfsemi þess var frá upphafi tvíþætt, að veita hjálp til að fyrirbyggja blindu og að hjálpa blindum. Félagið var brautryðjandi að blindravinnu og blindraskóla hér á landi.

Félagið veitir styrki til ýmissa mála til hjálpar blindu og sjónskertu fólki. Það hefur styrkt myndbandsgerð, norrænar sumarþúðir, ráðstefnur og fleira.

Blindravinafélagið er ásamt Blindrafélaginu í stjórn sjóðsins Stuðningur til sjálfstæðis. Þá var Þórsteinssjóður stofnaður af Blindravinafélaginu árið 2006 í nafni Þórsteins Bjarnasonar, stofnanda Blindravinafélagsins. Tilgangur Þórsteinssjóðs er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands og til að efla rannsóknir sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn.

Blindravinafélag Íslands • Sæviðarsund 54 • 104 Reykjavík • sími 581 2144 • sund54@simnet.is
 Formaður: Helga Eysteinsdóttir



Stofnuð 1995 • Félagsmenn 345 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2

CCU samtökin eru hagsmunasamtök sjúklinga með Crohn's (svæðisgarnabólgu) og Colitis (sáraristilbólgu). Helstu markmið samtakanna eru að styðja við fólk með sjúkdómana og stuðla að aukinni almennri vitund um þá. Félagið er með fjóra fræðslufundi á ári, gefur út fræðsluefni, miðlar upplýsingum og tengir sjúklinga saman gegnum netið.

CCU samtökin eru opin öllum sjúklingum með Crohn's og Colitis, aðstandendum þeirra, fagfólki og áhugasömum. Viðburðir á vegum samtakanna eru fyrir alla sem hafa áhuga á að taka þátt í starfseminni, hvort sem fólk vill mæta á fræðslufundi eða taka þátt í netspjalli.

Samtökin stefna að því að stækka félagið og gera félagið enn virkari þannig að þeir taki meiri þátt í starfseminni og að móta starfið. Þá er vonast til að ungliðahópur CCU samtakanna haldi áfram að stækka og eflast. Þannig verði samtökin og það sem þau standa fyrir sýnilegra í þjóðfélaginu.

CCU samtökin • Pósthólf 5388 • 125 Reykjavík • talhólf 871 3288 • ccu@ccu.is
www.facebook.com/pages/Crohns-og-Colitis-Ulcerosa-Samtökin/459204134113193 • www.ccu.is
 Formaður: Edda Svavarsdóttir



Stofnað 2001 • Félagsmenn 662 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 2

Markmið CP félagsins er að gæta hagsmuna hreyfihamlaðs fólks sem greinst hefur með Cerebral Palsy, eða heilalömun eins og það hefur verið þýtt. CP er algengasta orsök hreyfihömlunar hjá börnum og má búast við að 10 börn greinist með heilalömun á ári hverju á Íslandi.

Fötlan vegna CP er margbreytileg og einkenni mismunandi. Sumir með CP hreyfa sig og þroskast nánast eðlilega meðan aðrir þurfa aðstoð við næstum allar daglegar athafnir. Alvarlegar viðbótarfatlanir geta fylgt, þar á meðal flogaveiki og greindar-

skerðing. CP félagið gætir hagsmuna fólks með CP og veitir fræðslu um heilalömun. Félagsmenn eru fatlað fólk, aðstandendur þess, fagfólk og allir sem hafa áhuga á starfsemi félagsins.

CP félagið rekur skrifstofu og heldur fundi og fyrirlestra um heilalömun. Það heldur einnig sumarhátíðir, annast samskipti við erlend CP félög og er aðili að CP Norden. Starfsemi CP félagsins er fjármögnuð með félagsgjöldum og gjöfum fólks, félagasamtaka og fyrirtækja.

Slagorð: Hvað er CP?

CP félagið • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 691 8010 • cp@cp.is
www.facebook.com/CP-félagið-106571978710/ • www.cp.is
 Formaður: Björn Valdimarsson



Einhverfusamtökin

Stofnuð 1977 • Félagsmenn 750 • Starfsmenn 1 • Verktakar 14 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2

Markmið Einhverfusamtakanna er að vinna að bættum hag einhverfra og fræða einhverfa, aðstandendur þeirra og almenning um einhverfurófið, réttindi einhverfra, stuðningsúrræði og annað tengt einhverfu. Í félaginu er fólk á einhverfurófi, aðstandendur einhverfra, fagfólk og aðrir sem eru áhugasamir um einhverfu.

Einhverfusamtökin eru með stuðningshópa í Reykjavík og á Akureyri fyrir ungmenni og fullorðna á einhverfurófi ásamt stuðningshópum fyrir foreldra barna og ungmenna á einhverfurófi. Þá halda þau fræðslufundi og málþing sem eru opin öllum. Einhverfusamtökin eru aðilar að Evrópu-

samtökum einhverfra, Autism-Europe, og eru einnig í samstarfi við samskonar samtök á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Einnig eru þau aðili að Landsamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Einhverfusamtökin stefna að því að vera sýnileg og framsækin samtök. Markmið þeirra er að styrkja tengslanet sitt og miðla upplýsingum sem nýtast einhverfum, aðstandendum þeirra og öðrum sem hafa áhuga á að fræðast um einhverfu og hagsmunamál fólks á einhverfurófi.

Gildi: Virðing – Samþykki – Þátttaka

Einhverfusamtökin • Háaleitisbraut 13, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími 562 1590 • einhverfa@einhverfa.is
www.facebook.com/Einhverfusamtokin/ • www.facebook.com/groups/50753339967/ • www.einhverfa.is
www.instagram.com/einhverfusamtokin/ • Formaður: Ásta Birna Ólafsdóttir • Framkvæmdastjóri: Sigrún Birgisdóttir



Stofnað 1960 • Félagsmenn 186 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 7

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag sem veitir hvers konar ráðgjöf og álit sem snúa að málefnum heyrnarlausra. Félagsmenn eru heyrnarlausir með íslenskt táknmál sem móðurmál og foreldrar barna sem reiða sig á íslenskt táknmál.

Helstu verkefni félagsins eru hagsmuna- og réttindagæsla, ráðgjöf, samskipti og forvarnarfræðsla á íslensku táknmáli. Félagið er í samstarfi við systursamtök á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu um réttindagæslu fyrir þá sem nota táknmál í daglegu lífi.

Starfsemi félagsins nær til allra heyrnarlausra, óháð aldri, fjölskyldna þeirra og aðstandenda, vina og vinnuveitenda. Allir geta óskað ráðgjafar til að bæta samskipti og til að afla upplýsinga um heyrnarlausra og heyrnarleysi. Markmið félagsins næstu árin er að efla geðheilbrigðisvitund félagsfólks, stefnu félagsins í þjónustugreiningu á heilsufari og styrkja brú yfir í heilbrigðiskerfið. Deildarstarf í félaginu verði einnig eftt og aukin vitundarvakning verði um táknmál og viðhorf til þess út á við.

Slagorð: Í okkar höndum

Gildi: Táknmál – Jafnrétti – Samvinna

Félag heyrnarlausra • Þverholt 14, 3. hæð • 105 Reykjavík • sími 561 3560 • deaf@deaf.is
www.facebook.com/felagheyrnarlausra • www.deaf.is
 Formaður: Heiðís Dögg Eiríksdóttir • Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson




Stofnað 2003 • Félagsmenn 1.627 • Stjórnarmenn 4 • Starfsmenn 1

Félag lesblindra á Íslandi annast hagsmunagæslu fyrir lesblinda og aðstandendur þeirra. Félagar eru allir sem hafa áhuga á málefnum tengdum lesblindu. Félagið hefur það að leiðarljósi að vinna að samfélagi þar sem allir fá að nýta sína styrkleika.

Félagið veitir ráðgjöf til lesblindra, aðstandenda þeirra, kennara og annarra sem leita til félagsins. Það sér um að skipuleggja og halda námskeið um málefni tengd lesblindu, kynningarstarf og útgáfu fræðsluefnis.

Fjöldi félagsmanna hefur vaxið jafnt og þétt síðasta áratug og félagsmönnum fjölgað um sem nemur 120 á ári. Vonir standa til að svo verði áfram. Til næstu ára er horft til þess að starfið vaxi með fjölda félagsmanna og ráðgjöf verði aukin, sér í lagi á vinnumarkaði. Þá verði félagið gert enn sýnilegra á samfélagsmiðlum.

Félag lesblindra á Íslandi • Ármúli 7b • 108 Reykjavík • sími 534 5348 • fli@fli.is
www.facebook.com/lesblindir • www.youtube.com/user/lesblindir • www.fli.is
 Formaður: Guðmundur S. Johnsen • Framkvæmdastjóri: Snævar Ívarsson



Félag lifrarsjúkra

Stofnað 2012 • Félagsmenn 66 • Stjórnarmenn 6

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna lifrarsjúkra og aðstandenda þeirra. Markmið félagsins er að annast fræðslu um lifrarsjúkdóma, auka skilning á þörfum lifrarsjúklinga og vera málsvari þeirra gagnvart heilbrigðisyfirvöldum.

Félagsmenn eru að mestu lifrarsjúklingar og aðstandendur þeirra, en aðrir sem eru áhugasamir um lifrarsjúkdóma og starfsemi félagsins eru einnig velkomnir.

Félagið hefur gefið út bæklinga og kynningarefni um lifrina og lifrarsjúkdóma en slíkt fræðsluefni var ekki til áður. Þá veitir félagið fræðslu um málefni tengd lifrarsjúkum, heldur fræðslufundi og veitir aðstoð og upplýsingar um forvarnir tengdar lifrarsjúkdómum.

Félag lifrarsjúkra • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • sími 841 2376 • lifrin@lifrin.is
www.facebook.com/Félag-lifrarsjúkra-106295752827706/ • www.lifrin.is
 Formaður: Siggeir Þorsteinsson



FÉLAG NÝRNASJÚKRA

Stofnað 1986 • Félagsmenn 340 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2 • Starfsmenn 1

Markmið félagsins eru að gæta hagsmuna nýrnasjúkra og fræða almenning og sjúklinga um nýrnasjúkdóma, meðferð þeirra og félagsleg vandamál sem þeim fylgja.

Félagið hefur safnað fé til styrktar fræðslustarfinu og bættri þjónustu við nýrnasjúka. Safnað hefur verið fyrir nauðsynlegum tækjum og búnaði á sjúkrahús hér á landi. Lögð er áhersla á að blóðskilun sé gerð utan höfuðborgarsvæðisins, en hún er nú gerð á Akureyri, Neskaupsstað og Selfossi. Þá hefur félagið ræktað samband við systurfélög og samtök á Norðurlöndum og víða erlendis.

Félagsmenn eru nýrnasjúkir, aðstandendur þeirra og fagfólk. Félagar eru á öllum aldri. Boðið er upp á skemmtifundi í bland við fræðslufundi og viðburðir þá oftast sniðnir fyrir fjölskyldur.

Framtíðarverkefni félagsins er að styðja alla þá sem veikjast af langvinnum nýrnasjúkdómum og aðstandendur þeirra. Boðið verði upp á fræðslu með fjarfundarbúnaði til þess að tengja starfið í Reykjavík og úti á landi. Útibú félagsins er á Akureyri og stefnt að opnun fleiri útibúa víða á landinu.

Félag nýrnasjúkra • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 561 9244 • nyra@nyra.is
www.facebook.com/Felagnyrnasjukra/ • www.nyra.is
Formaður: Björn Magnússon • Framkvæmdastjóri: Guðrún Barbara Tryggvadóttir



Stofnað 1994 • Aðalfélagar 19 • Styrktarfélagar 29 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2 • Starfsmenn 1 í hálfu starfi

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmuna- og menningarmálum fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Helstu verkefni Fjólu eru að veita félögum ráðgjöf og halda fundi fyrir félagsmenn og aðra áhugamenn um samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þá veitir félagið fræðslu og býður upp á ferðir með félagsmönnum.

Aðalfélagar í Fjólu geta einungis verið þeir sem eru 18 ára og eldri og eru með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og foreldrar barna með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Aðrir geta verið styrktarfélagar Fjólu.

Stefna félagsins er að innan tveggja ára verði ráðgjafarhluti hjá Fjólu minni en verið hefur þar sem félagið telur að ríkið ætti að sinna því verkefni betur. Ætlunin sé því að verja meiri tíma í félagsstarf, stuðning við hópa innan félagsins, hagsmunabaráttu og vöxt félagsins. Félagið hefur sett sér fimm markmið sem vinna á eftir næstu árin: Virðing, túlkapjónusta, félagspjónusta, hjálpartæki og fjáröflun.

Fjóra • Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • sími 553 6611 / 840 4665 • deafblind@deafblind.is
www.facebook.com/Fjóra-Deafblind-Iceland-790302724353408/ • www.deafblind.is
Formaður: Snædís Rán Hjartardóttir



Stofnað 1966 • Félagsmenn 250 • Stjórnarmenn 5 • Varastjórn 3

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra (FSFH) vinnur að hagsmunamálum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og ungmenna. Verkefni félagsins eru að efla þátttöku þeirra í þjóðfélaginu, í lýðræðissamfélaginu og félags- og atvinnulífinu, og styðja við aðstandendur þeirra í öllu því sem getur orðið til hagsbóta. Félagið leggur höfuðáherslu á allt sem snertir menntun og skólagöngu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og ungmenna.

Félagið er foreldra- og styrktarfélag og með greiðslu félagsgjalda fær fólk félagsaðild. FSFH

styrkir verkefni og viðburði fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausra, það styður einnig skólaþróunarverkefni og verkefni sem stuðla að aukinni menntun fagfólks. Þá styður félagið með virkum hætti réttindabaráttu heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir dómstólum.

FSFH stefnir að aukinni samvinnu við Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp og Fjólu um málefni á borð við gerð viðeigandi námsefnis fyrir þennan hóp og textun í sjónvarpi. Þá verði samvinna þessara félaga meiri í málum sem varða brot gegn fólki í hópi heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra • Pósthólf 8635 • 128 Reykjavík • fsfh@fsfh.is • bjorgh@simnet.is
www.facebook.com/Foreldra-og-styrktarfélag-heyrnardaufra-224976970889711/ • www.fsfh.is
Formaður: Björg Hafsteinsdóttir



Stofnað 1979 • Félagsmenn 2.998 • Stjórnarmenn 9 • Varastjórn 4 • Starfsmenn 4 í 2,9 stöðugildum

Markmið Geðhjalpar er að berjast fyrir bættum hag fólks með geðrænan vanda og aðstandenda þeirra. Félagið veitir ókeypis ráðgjöf allan ársins hring og stendur fyrir hagsmunagæslu, m.a. með þátttöku í stefnumótun og opinberri umræðu.

Geðhjálp stendur fyrir ráðstefnum og smærri viðburðum um hagsmunamál fólks með geðræn vandamál. Félagið hýsir sjálfshjálparhópa, veitir almenningi, fjölmiðlum og opinberum aðilum upplýsingar og fræðslu um félagið og málefni þess. Þá stuðlar félagið að geðrækt og berst gegn fordómum. Árið 2016 bar hæst undirbúningur

Geðhjalpar að stofnun bataskóla.

Félagar í Geðhjálp eru fólk með geðrænan vanda, aðstandendur þess, fagfólk og áhugafólk um geðheilbrigði. Starfsemi félagsins er öllum opin. Stefna félagsins til framtíðar er að verða leiðandi, öflug samfylking þeirra sem láta sig geðheilbrigðismál varða á landinu öllu.

Gildi: Hugrekki – Mannvirðing – Samhygð

Geðhjálp • Borgartún 30 • 105 Reykjavík • sími 570 1700 • gedhjalp@gedhjalp.is
www.facebook.com/Landssamtokin.Gedhjalp/ • www.gedhjalp.is
Formaður: Hrannar Jónsson • Framkvæmdastjóri: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir



Stofnað 1950 • Félagsmenn 135 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 1

Tilgangur félagsins er að vekja almenning og stjórnvöld til aukins skilnings á mikilvægi geðheilbrigðis fyrir allt fólk, ungt sem gamalt. Félaginu er ætlað að sameina alla þá sem hafa áhuga á málefnum, fræða almenning um eðli geðsjúkdóma og kynna ríkjandi skoðanir um hvernig varðveita megi geðheilbrigði.

Þá hefur félagið það markmið að stuðla að því að jafnan verði komið upp nægum og viðunandi heilbrigðisstofnunum fyrir þá sem líða af geðröskunum og stuðla að rannsóknum sem megi verða til aukins geðheilbrigðis.

Félagið tekur þátt í alþjóðlegri samvinnu um geðheilbrigðismál og hugrækt. Það gefur út tímaritið Geðvernd sem er ritrýnt fagttímarit. Félagið stendur einnig fyrir fyrirlestrum og námskeiðum og veitir styrki til rannsókna og náms sem nýtist bættu geðheilbrigði.

Fólk og félög hvaðanæva af landinu, sem hafa áhuga á málefnum sem hafa þýðingu fyrir geðheilbrigði, geta orðið félagsmenn.

Slagorð: Að standa vörð um geðheilbrigði

Geðverndarfélag Íslands • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 552 5508 • gedvernd@gedvernd.is
www.facebook.com/GedverndarfelagIslands/ • www.gedvernd.is
 Formaður: Gunnlaug Thorlacius • Framkvæmdastjóri: Kjartan Valgarðsson



Stofnað 1976 • Félagsmenn 4.771 • Stjórnarmenn 9 • Varamenn 4 • Starfsmenn 10
(Flest hlutastörf, auk þess er verktaka við sjúkraþjálfun, leikfimi og ráðgjöf)

Markmið félagsins er að auka lífsgæði fólks með gigtarsjúkdóma sem og þeirra sem eiga hættu á að fá þá. Tilgangur félagsins er að berjast gegn gigtarsjúkdómum og stuðla að almennri umræðu um þá og áhrif þeirra á fólk og samfélag. Félaginu er ætlað að efla meðferð, endurhæfingu og forvarnir og gæta hagsmuna gigtarfólks.

Gigtarfélag Íslands eru landssamtök með deildum út um allt land. Félagið rekur Gigtarmiðstöðina að Ármúla 5 í Reykjavík. Þá starfa 10 áhugahópar innan félagsins sem sinna jafningjafræðslu og hafa frumkvæði að þeirri fræðslu sem félagið stendur

formlega fyrir. Þá veitir félagið gigtarfólki og aðstandendum hagnýta símaráðgjöf bæði í gegnum Gigtarlínuna og einnig með einstaklingsráðgjöf.

Félagið skipuleggur og rekur hóppjálfun fyrir gigtarfólk í sundlaug og sal. Gigtarmiðstöðin að Ármúla 5 hefur verið drjúgur þáttur í starfsemi félagsins frá því 1984. Yfir 90% félaga er fólk með gigtarsjúkdóma og annan stoðkerfisvanda og aðstandendur. Aðrir eru áhugafólk um starfsemi félagsins, þ.á.m. fagfólk.

Gigtarfélag Íslands • Ármúli 5 • 108 Reykjavík • sími 530 3600 • gigt@gigt.is
www.facebook.com/GigtarfelagIslands/ • www.gigt.is
 Formaður: Dóra Ingvadóttir • Framkvæmdastjóri: Emil Thóroddsen



Stofnað 2005 • Félagsmenn 588 • Stjórnarmenn 8 • Starfsmenn 3

Markmið félagsins er að vinna að velferðar- og hagsmunamálum þeirra sem fengið hafa slag (heilablóðfall). Félagið kemur fræðslu um sjúkdóminn á framfæri við almenning og leggur áherslu á betra lífni og lýðheilsu, en um 410 manns fá slag á ári eða nærri því 2 á dag.

Í ár stóð félagið meðal annars að gerð, útgáfu og kynningu Heila-apps, í samvinnu við Velferðarráðuneytið og ÖBÍ. Smáforritið virkar sem persónulegur öryggishnappur sem er tengdur Neyðarlínunni í gegnum snjallsímataeki.

Félagið heldur kynningarfundum þar sem sér-

fræðingar úr heilbrigðiskerfinu eru fengnir til að veita fræðslu. Þá eru fulltrúar félagsins með fasta viðveru og veita ráðgjöf á endurhæfingardeild Grensás og taugadeild Landspítalans.

Heilaheill hefur náið samstarf við Hjartaheill og Hjartavernd vegna fræðslu um hjartagalla sem leiða til slags. Heilaheill hefur tekið þátt í evrópsku samstarfi slagpolenda sem nefnt er SAFE (Stroke Alliance for Europe). Þá hafa norrænu félögin innan SAFE með sér samvinnu.

Slagorð: Áfall er ekki endirinn

Heilaheill • Sigtún 42 • 105 Reykjavík • sími 561 2200 • heilaheill@heilaheill.is
www.facebook.com/heilaheill/ • www.twitter.com/heilaheill • www.heilaheill.is
Formaður: Þórir Steingrímsson



Stofnað 1937 • Félagsmenn 668 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2 • Starfsmenn 1

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna heyrnarskertra og efla skilning almennings og stjórnvalda á heyrnarskerðingu, vinna að forvörnum og stuðla að þátttöku heyrnarskertra í samfélaginu.

Félagið rekur skrifstofu sem sinnir hagsmunabaráttu og fræðslu til almennings og félagsmanna. Heyrnarhjálp stendur fyrir reglulegum fræðslufundum um allt land, gefur út kynningarefni, tekur þátt í starfi á vegum stjórnvalda og á virkt samstarf við systursamtök á Norðurlöndum.

Félagið er öllum opið en flestir félagar eru þó heyrnarskerðir eða aðstandendur heyrnarskertra. Félagið er rekið á landsvísi og eru félagsmenn dreifðir um landið. Stefnt er að því að innan tveggja ára verði fleiri starfsmenn á vegum félagsins sem geti sinnt fleiri og stærri verkefnum. Stefnt er á átak á sviði neytendamála varðandi hjálparæki og til kynningar á rittúlkun.

Slagorð: Texti er okkar tromp

Heyrnarhjálp • Langholtsvegur 111 • 104 Reykjavík • sími 551 5895 / 866 6444 • heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is
www.facebook.com/Heyrnarhjalp-106642882710133/ • www.heyrnarhjalp.is
Formaður: Hjörtur Heiðar Jónsson • Framkvæmdastjóri: Kolbrún Stefánsdóttir

HIV ÍSLAND

Stofnað 1988 • Félagmenn 310 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 1

Tilgangur félagsins er að auka þekkingu og skilning á HIV, efla forvarnir og fræðslu til varnar smiti og skapa umræður um málefnið í samfélaginu. Verkefni félagsins er einnig að styðja HIV jákvæða og aðstandendur þeirra. Félagið er í samstarfi við önnur félagasamtök og hópa sem vinna að sömu eða svipuðum markmiðum.

Allir sem hafa áhuga á starfi félagsins og vilja styðja við það geta orðið félagar. Kosningarétt og kjörgengi í félaginu hafa allir fullgildir félagsmenn. Haldnir voru styrkingar- og fræðslufundir fyrir HIV-jákvæða og aðstandendur þeirra á liðnu ári. Þá var minningarmessa í Fríkirkjunni 22. maí.

Markmið HIV-Ísland er að staðan verði þannig í málefnum tengdum HIV að þau verði svo vel á veg komin að hægt verði að leggja félagið niður. Störf félagsins eru sérstök, viðkvæm og frábrugðin öðrum félögum að því leyti að stór hópur félagsmanna vill ekki láta aðra í samfélaginu vita af sér og kemur ekki fram nema undir algjörum trúnaði og ekki á opinberum viðburðum sem félagið stendur fyrir.

